GARÐABÆR

# DEILISKIPULAG ARNARNESS

## GREINARGERÐ OG SKIPULAGSSKILMÁLAR

September 2017

BR. 15.10 2018




***h o r n s t e i n a r*** *arkitektar*

*Ingólfsstræti 5 101 Reykjavík Sími 511 7011 www.hornsteinar.is*

UNNIÐ FYRIR

GARÐABÆR

# SAMÞYKKTIR :

Deiliskipulag þetta sem hefur fengið meðferð skv. 40. og 41.grein skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þann ______________________________________

og í bæjarstjórn Garðabæjar þann __________________________

f.h. Garðabæjar

_______________________________________________________

Tillagan var auglýst frá __________ 20_____ með athugasemdafesti til ______________ 20_____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20_____

**Önnur skipulagsgögn**:

*Deilskipulagsuppdráttur*
**Teikn 001** - Dags.5.september 2017 (með beytingum 15.10 2018)
Frumstærð uppdráttar A1 (mkv. 1:2000)

*Skýringaruppdráttur*
Eldra skipulag og skilmálar. Áorðnar breytingar.
**Teikn 002** - Dags. 5.september 2017 (með breytingum 15.10 2018)
Frumstærð uppdráttar A1 (mkv. 1:2000)

*Húsakönnun* – Dags.2018

# EFNISYFIRLIT


## 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**1.1** Tildrög skipulagsvinnunar
**1.2** Gögn skipulagsáætlunar
**1.3** Eldra skipulag og skilmálar
**1.4** Stefnumörkun í aðalskipulagi

## 2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

**2.1** Afmörkun, lega og aðkoma
**2.2** Landnotkun
**2.3** Eignarhald á landi
**2.4** Yfirbragð og gerð núverandi byggðar
**2.5** Nýtingarhlutfall
**2.6** Sögu- og fornminjar
**2.7** Vernduð svæði
**2.8** Göngu- og reiðhjólastígar
**2.9** Útivistarsvæði – opin óbyggð svæði
**2.10** Leiksvæði
**2.11** Gatnakerfi
**2.12** Almenningssamgöngur
**2.13** Veitur
2.13.1 Fráveita
2.13.2 Hítaveita
2.13.3 Rafveita
2.13.4 Vatnsveita
**2.14** Hljóðskermun

## 3. DEILISKIPULAG ARNARNESS

**3.1** Forsendur deiliskipulags
**3.2** Markmið deiliskipulagsins og megininntak
**3.3** Megininntak skipulagsins
**3.4** Lóðarmörk
**3.5** Húsakönnun

## 4. ALMENNIR SKIPULAGSSKILMÁLAR

**4.1** Hönnun og uppdrættir
**4.2** Mæli- og hæðarblöð
**4.3** Byggingareitir
**4.3** Smáhýsi á lóð
**4.5** Sorpgeymsla
**4.6** Bílastæði og bílgeymslur
**4.7** Húsagerðir
**4.8** Nýtingarhlutfall
**4.9** Nýbyggingar/viðbyggingar
**4.10** Niðurrif húsa og annarra mannvirkja
**4.11** Óbyggðar lóðir
**4.12** Frágangur lóða
**4.13** Girðingar, skjól- og stoðveggir
**4.14** Kvaðir
**4.15** Framkvæmdatími - tímamörk
**4.16** Atvinnustarfsemi á íbúðarhúsalóðum
**4.17** Raðhúsaeiningar við Hegranes 1-3
**4.18** Nýtt útivistarsvæði til almannaþarfa
**4.19** Ræktun á opnum svæðum / óhreyfðu landi
**4.20** Gróður – útsýni - umhverfisgæði
**4.21** Göngu- og reiðhjólastígar
**4.22** Gildistaka

**5. SÉRÁKVÆÐI SKIPULAGSSKILMÁLA Hegranes 1-3**

**5.1** Almennt
**5.2** Raðhús

**6. ÖNNUR MANNVIRKI**

**6.1** Spennistöð
**6.2** Dælustöð og brunnur
**6.3** Bátaskýli

**7. SKILMÁLATAFLA DEILISKIPULAGS**

**8. UPPDRÆTTIR og SKÝRINGARMYNDIR**

**001** Deilskipulagsuppdráttur
**002** Skýringaruppdráttur.
Eldra skipulag og skilmálar.  Áorðnar breytingar

Skýringarmynd : Hæðir húsa og gerð
Skýringarmynd : Kvaðir
Skýringarmynd : Opin svæði
Skýringarmynd : Stígar
Skýringarmynd : Hæðir húsa – dæmigerð sneiðing
Skýringarmynd : Nýtingarhlutfall (NHL)

**9. VIÐAUKAR með greinargerð**

**Viðauki I** : Hljóðvist
**Viðauki II** : NHL og byggður flötur (35%)
**Viðauki III** : Eldri skipulagsuppdrættir, ákvæði og skilmálar
**Viðauki IV** : Fornleifar
**Viðauki V** : Athugasemdir og svör

# 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

## 1.1 Tildrög skipulagsvinnunar

Á undanförnum árum hafa skipulagsyfirvöld í Garðabæ unnið að endurskoðun deiliskipulagsáætlana núverandi byggðar, sem margar hverjar voru komnar til ára sinna og uppfylltu ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag til skipulagsmála. Í sumum tilfellum voru einfaldlega ekki til skipulagsuppdrættir þó svo að við uppbyggingu á árunum 1950-1970 hafi verið stuðst við ýmsar skipulagshugmydir og þá jafnan í samvinnu við skipulagsstjóra ríkisins. Oftast eru til uppdrættir og skilmálar sem þó eru því marki brenndir að vera barn síns tíma og því full þörf á að uppfæra.

Sumarið 2010 felldi úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úr gildi byggingarleyfi í Þrastanesi á Arnarnesi. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að það skipulag sem stuðst hefur verið við í Arnarnesi frá árinu 1961 gæti ekki talist deiliskipulag og því ætti umrætt byggingarleyfi sér ekki stoð í deiliskipulagi.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu úrskurðarnefndar ákvað Bæjarstjórn Garðabæjar að ráðast í vinnu við gerð deiliskipulags fyrir Arnarnes.

## 1.2 Gögn skipulagsáætlunar

- Greinargerð þessi og skipulagsskilmálar (þ.m.t skilmálatafla fyrir einstaka lóðir).
- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000, dagss. 5.september 2017 (með breytingum 15.10 2018). Frumstærð uppdráttar A1.
  Skýringaruppdráttur (Eldra skipulag og skilmálar. Áorðnar breytingar) í mkv. 1:2000, dagss. 5.september 2017 (með breytingum 15.10 2018). Frumstærð uppdráttar A1.
- Skýringarmyndir húsagerða, kvaða, opinna svæði og stíga fylgja greinargerð þessari.
- Fimm viðaukar eru í greinargerð þessari:

  Viðauki I - Skýrsla um hljóðvist
  Viðauki II - Nánari skýringar varðandi NHL og byggðan flöt
  Viðauki III - Eldri skilmálar og afsöl
  Viðauki IV - Fornleifar
  Viðauki V - Athugasemdir/svör að lokinni auglýsingu

Skilmálar þessir gilda fyrir allt deiliskipulagsvæðið.

## 1.3 Eldra skipulag og skilmálar

Skipulag Arnarness var fyrst samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps árið 1961.

Við uppbyggingu fyrsta hluta byggðar í Arnarnesi samþykkti byggingar-nefnd Garðahrepps (22.apríl 1964) sérstaka byggingarskilmála fyrir göturnar Mávanes og Blikanes. Samsvarandi byggingarskilmálar voru gerðir síðar fyrir götuna Súlunes (að austanverðu), sem samþykktir voru af byggingarnefnd Garðabæjar 3.júní 1983. Með afsölum lóða á deiliskipulagssvæðinu hefur - í flestum tilvika - fylgt ákvæði, þar sem vísað er til byggingarskilmálanna frá 22.apríl frá 1964. Ákvæði afsala viðkomandi lóðar hafa því gilt sem eins konar skipulags-skilmálar.

Skipulagsuppdráttur af Arnarnesi var unnin af verkfræðistofunni Forverki h.f (og Teiknun s.f.) í nóvember 1976.



***Skipulagsuppdráttur af Arnarnesi***
*Verkfræðistofan Forverk h.f (og Teiknun s.f.)*
*Nóvember 1976*

Eftirfarandi samþykktir um skipulagsmál á Arnarnesi voru gerðar á árunum 1961 - 1977 :

- ***21.júní 1961 - Hreppsnefnd Garðahrepps (úr fundargerðarbók)***
  *Tekin var til lokaafgreiðslu skipulagstillaga af Arnarnesi, vestan Hafnarfjarðarvegar. Skipulagstillagan var samþykkt með fyrirvara um breytingar á norðurhelmingi nessins, ef heppilegt þykir að breyta þar um, áður en framkvæmdir hefjast þar. Uppdráttur dagsettur apríl 1961.*

- ***Júlí 1961 (áritun á uppdrætti, dags apríl 1961)***
  *Skipulagsuppdráttur þessi er afgreiddur til stjórnarráðsins til staðfestingar. Reykjavík, júlí 1961.*

- ***Júlí 1961 (áritun á uppdrætti dags apríl 1961)***
  *Skipulagsuppdráttur þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr.55, 27.júní 1961 til að gilda sem samþykkt um skipulag Arnarness í Garðahreppi og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Félagsmálaráðuneytið, júlí 1961.*

- ***8.ágúst 1963***
  *Undirritun samnings milli landeigenda Arnarness og Garðahrepps.*

- ***22.apríl 1964 - Byggingarnefnd Garðahrepps***
  *Byggingarskilmálar fyrir lóðir við göturnar Mávanes og Blikanes í Arnarnesi samþykktir.*

- ***15.maí 1964 – Hreppsnefnd Garðahrepps***
  *Samþykkt byggingarnefndar frá 22.apríl staðfest.*

- ***9.maí 1977 – Skipulagsnefnd Garðabæjar, 3.fundur***
  *Skipulag Arnarness. Lagður fram endurskoðaður uppdráttur Forverks h.f. (og Teiknun sf) að skipulagi Arnarness.*

  *Breytingar, dags.nóvember 1976 :*
  *Helsta breytingin er, að raðhúsalóðum með Hafnarfjarðarvegi er breytt í litlar einbýlishúsalóðir. Fækkar íbúðum við þetta um 4. Nefndin samþykkti uppdráttinn fyrir sitt leyti.*

- ***12.maí 1977 – Bæjarstjórnin í Görðum***
  *Tekin fyrir fundargerð skipulagsnefndar frá 9/5, 3/1977. Staðfest.*

- ***3.júní 1983 - Byggingarnefnd Garðahrepps***
  *Byggingarskilmálar fyrir lóðir við götuna Súlunes (að austanverðu) samþykktir.*

Arnarnes byggðist upp að stærstum hluta í samræmi við skipulagsuppdrátt verkfræðistofunnar Forverks h.f (og Teiknunar s.f.) dagss. í nóvember 1976, ákvæðum lóðarafsala og byggingarskilmála Mávaness, Blikaness, dagss. í apríl 1964 og byggingarskilmálum Súluness (að austanverðu), frá því í júní 1983.

***Sjá skýringaruppdrátt 002***

***Sjá VIÐAUKA III :***
***Eldri uppdrættir, ákvæði og skilmálar í Arnarnesi og breytingar á þeim.***

## 1.4 Stefnumörkun í aðalskipulagi

Deiliskipulag Arnarness er unnið á grundvelli gildandi stefnu í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.




***Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030***
*Arnarnes er tilgreint með rauðum hring.*

# 2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

## 2.1 Afmörkun, lega og aðkoma

Skipulagssvæði Arnarness afmarkast af Arnarneslæk að sunnanverðu; að austanverðu af vesturmörkum helgunarsvæðis Hafnarfjarðarvegar og sveitarfélagsmörkum Kópavogs. Að öðru leyti er nesið umlukið sjávarvogum. Stærð svæðisins er um 36ha að flatarmáli.

## 2.2 Landnotkun

Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar (2016-2030) er landnotkun svæðisins annars vegar *íbúðarsvæði* (að langstærstum hluta) og hins vegar *opin svæði*.




***Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030***
*Arnarnesið er sýnt með rauðum hring*

## 2.3 Eignarhald á landi

Lóðir á Arnarnesi eru í einkaeign. Í eigu bæjarsjóðs Garðabæjar eru hins vegar opin svæði og land undir götur.

***Sjá nánar Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030***

## 2.4 Yfirbragð og gerð núverandi byggðar

Á deiliskipulagssvæðinu eru 192 íbúðarhúsalóðir – þar af 10 óbyggðar lóðir. Langstærstur hluti íbúðarbyggðarinnar eru einbýlishús eða 99%. Flest húsin voru reist á árunum milli 1970-1990 og liggur elsti hluti byggðarinnar á sunnanverðu nesinu (fyrstu hús byggð um 1964), en yngri hluti byggðarinnar er á norðanverðu Arnarnesi.

Götumyndin er sterk; lágreist hús er snúa að litlum húsagötum með vel hirtum gróðursælum görðum. Stórar lóðir einkenna hverfið (meðalstærð lóða er um 1250m2) og húsin (meðalstærð um 350m2) eru einna til tveggja hæða há (98,2%). Bílageymslur eru ýmist stakstæðar eða samfastar byggingunum. Eitt friðað hús er á Arnarnesi; Mávanes 4, hannað árið 1964 af Manfreð Vilhjálmssyni arkitekt.

Um er að ræða afar heilsteypt byggðarmynstur og einstakt sérbýlishúsahverfi.

Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar (2016-2030) er þéttleiki byggðar á Arnarnesi 5.7 íbúðir/ha, en meðalþéttleiki núv. íbúðarbyggðar í Garðabæ er um 10,5 íb/ha (Garðahverfi ekki meðtalið).

Deiliskipulagssvæðið hefur tekið miklum stakkaskiptum í ásýnd frá upphafi fyrstu byggðar, þar sem þéttur trjá- og runnagróður í görðum íbúa einkenna nú yfirbragð svæðisins og skera sig frá opnum svæðum þess. Mikið af

þessum gróðri er komin á líftíma og hættur að gegna því hlutverki sem upphaflega stóð til; til skjólmyndunar, fegrunar og /eða rýmismyndunar.

## 2.5 Nýtingarhlutafall

Nýtingarhlutafall lóða á deiliskipulagssvæðinu er frá 0.17 upp í 0.51 eins og fram kemur í skilmálatöflu með greinargerð þessari. Meðal nýtingarhlutfall lóða er um 0,24. Í skilmálatöflu er stuðst við upplýsingar af gildandi mæli-blöðum og þjóðskrá, er varðar stærðir lóða, byggingarmagn og nýtingarhlutfall*.

* Sjá *nánar lið* 3.4 varðandi fyrirvara um útreikninga nhl.

## 2.6 Sögu- og fornminjar

Fornleifastofnun Íslands hefur skráð og flokkað fornminjar innan svæðisins. (*Heimild : Fornleifaskráning í Garðabæ (Fornleifastofnun Íslands FS414-05192, Reykjavík 2009).*

Rannsóknar-og þjónustufyrirtækið Antikvara yfirfór árið 2014 allar skráðar stað- og hnitasetningar. Niðurstaða þeirrar vinnu er m.a. sýnd á skipulags-uppdrætti. Í október/nóvember 2018 var fornleifaskráning uppfærð í samræmi við nýjar kröfur um skráningu fornleifa á deiliskipulagsstigi.

***Sjá nánar Viðauka IV***
***Sjá skýringarmynd : Opin svæði***




***Fornleifar á Arnarnesi***
***Yfirlitskort Antikvara 2018***

## 2.7 Vernduð svæði

Öll sjávarströnd Garðabæjar er á Náttúruminjaskrá, þ.m.t. strandlengja Arnarnesvogs.

Árið 2009 var "Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar" *friðlýstur* sem búsvæði. Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda lífríki á strönd, í fjöru og grunnsævi Skerjafjarðar. Jafnframt er verndað útivistar- og fræðslugildi svæðisins, sem felst m.a. í auðugu lífríki þess og möguleikum til útivistar við ströndina.

Strandlengja Arnarness fellur undir friðlýsingu þessa og ákvæði hennar.




***Friðlýsing Skerjafjarðar***
***Yfirlitskort***

## 2.8 Göngu- og reiðhjólastígar

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar (2016-2030) eru eftirfarandi stígar tilgreindir innan deiliskipulagssvæðisins :

- *Stofnstígur :*
  Liggur meðfram Hafnarfjarðarvegi að sveitarfélagsmörkum Kópavogs.

- *Tengistígar :*
  Gert er ráð fyrir þremur tengistígum. Tveir þeirra styrkja stígatengsl milli strandhluta deiliskipulagssvæðisins; annars vegar suðurströndina við norðurhluta Arnarness með stíg frá Arnarneslæk um Arnarnestún og þaðan þvert yfir háholtið að Þernunesi; og hins vegar um mitt háholtið - eftir nýjum almenningsgarði - frá austri til vesturs.

  Þriðji tengistígurinn liggur um Hegranes og Súlunes og tengist stofnstígnum meðfram Hafnarfjarðarvegi.

- *Útivistarstígur :*
  Liggur meðfram strönd Arnarness. Lögum samkvæmt er almenningi heimiluð umferð um allar fjörur sveitarfélagsins, vötn og læki, þótt þar séu ekki merktir stígar sérstaklega.

Þá eru ýmsir slóðar og troðningar innan deiliskipulagssvæðisins, sem ekki hafa verið skilgreindir eða festir í skipulagi, en tengjast botnlöngum og gangstéttum húsagata.

***Sjá skýringarmynd : Stígar***



***Við Arnarnesvog***



***Göngu – og reiðhjólastígur við sveitarfélagsmörk Kópavogs***

**2.9 Opin svæði**

Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar (2016-2030) eru þrjú opin svæði (OP) innan deiliskipulagssvæðisins :

- *Strandlengja Arnarness*
- *Arnarnestún við Arnarnesvog*
- *Almenningsgarður á Arnarneshæð í miðju hverfisins*

**2.10 Leiksvæði**

Innan deiliskipulagssvæðisins eru þrjú skilgreind leiksvæði :

- *Við Haukanes – milli Haukaness og Þernuness*
- *Við Hegranes – hjá hljóðmön við Hafnarfjarðarveg*
- *Á Arnarnestúni - við enda Mávaness*

Gerð þeirra og viðhald er á vegum sveitarfélagsins.



***Leiksvæði við enda Mávaness***
***Horft yfir Arnarnestún***

## 2.11 Gatnakerfi

Allar götur á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem **húsagötur** fyrir utan götuna Arnarnes sem liggur frá Hafnarfjarðarvegi inn í hverfið og er skilgreind sem **tengibraut**.

## 2.12 Almenningssamgöngur

Núverandi meginleið almenningsvagna er í jaðri deiliskipulagssvæðisins við Hafnarfjarðarveg. Biðstöðvar eru tvær; annars vegar við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Arnarnes og hins vegar við hljóðmön á móts við Hegranes.

Biðstöð skólabíls er við götuna Arnarnes.

## 2.13 Veitur

### 2.13.1 Fráveita

Dælustöð fráveitu er staðsett við Arnarneslæk, utan deiliskipulagssvæðisins. Yfirbyggður dælubrunnur er staðsettur á ströndinni á móts við Mávanes. Aðgengi viðhaldsbíla er tryggt að brunninum.

### 2.13.2 Hitaveita

Stofnlögn liggur um Hegranes upp eftir miðsvæði hverfisins.

### 2.13.3 Rafveita

Tvær spennistöðvar/dreifistöðvar OR eru staðsettar innan skipulagssvæðisins; önnur við göngustíg milli Blikanes og Tjaldanes; og hin við leiksvæði milli Þernunes og Haukanes. Aðgengi viðhaldsbíla er tryggt að þeim.

### 2.13.4 Vatnsveita

Stofnlögn liggur um Hegranes upp eftir miðsvæði hverfisins.
*Sjá nánar Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, kafla 4.4 Veiturkerfi, bls.55.*

## 2.14 Hljóðskermun

Hljóðmön liggur meðfram Hafnarfjarðarvegi og aðgreinir íbúðarbyggðina við Hegranes og Súlunes frá stofnbrautinni.

Árið 2014 var gerð úttekt á gæðum hljóðvistar á deiliskipulagssvæðinu og fylgir hún með í greinargerð þessari sem viðauki (1). Almennt er hljóðstig í góðu lagi um mest allt Arnarnesið og nálægt því að vera viðunandi við flest hús í námunda við Hafnarfjarðarveginn. Nokkur hús eru þó illa varin og jafnvel með mjög slæmt ástand. Verst mældist hljóðstigið við eftirfarandi hús :

- *Súlunes 26, 27 og 33*
- *Hegranes 7, 9, 34 og 35*

***Sjá nánar Viðauka I**** *

*

Tekið skal fram að síðan mælingin var gerð á hljóðstigi svæðisins árið 2014, hafa verið gerðar *verulegar* hljóðvistar- og umhverfisbætur meðfram Hafnarfjarðarvegi, sem hafa haft jákvæð áhrif á alla byggð meðfram Hegranesi og Súlunesi. Hljóðmön hefur m.a. verið endurgerð, hljóðveggur byggður og gróður styrktur.

# 3. DEILISKIPULAG ARNARNESS

## 3.1 Forsendur deiliskipulags

Meginforsendur deiliskipulagsins byggist á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 svo og þeim eldri skipulagsáætlunum og uppdráttum, sem er að finna af svæðinu.

## 3.2 Markmið deiliskipulags og megininntak

Meginmarkmið deiliskipulagsins eru :

- *að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun, þar sem bætt lífsgæði íbúa og fjölbreytt mannlíf verði í fyrirrúmi;*
- *að fá fram og gera grein fyrir skipulagsskyldum viðbótum, stækkunum og breytingum húsa, lóða og opinna svæða;*
- *að skoða möguleika til eðlilegrar endurnýjunar bygginga á svæðinu er taki mið af heildaryfirbragði hverfisins, án þess að raska gæðum þess og réttindum íbúa;*
- *að afmarka byggingareiti þar sem stækkun er heimiluð og setja fram samræmda skilmála og kvaðir;*
- *að leggja sérstaka áherslu á umferðaröryggi og greið tengsl við nærliggjandi íbúðar -, skóla- og þjónustusvæði; sérstaklega skal hugað að aðgengi fyrir alla;*
- *undirstrika gæði hverfisins m.a. með tilliti til aðgengis að fjöru og útivistarsvæðum svo og (bættri) hljóðvist.*

Með deiliskipulaginu verði staðfest á formlegan hátt byggðarmynstur hverfisins, þ.e.a.s stærðir húsa, yfirbragð og nýtingarhlutfall lóða. Einnig verði lóðarhöfum gefinn möguleiki á eðlilegri endurnýjun og endurbótum á byggingum í samræmi við yfirbragð hverfisins.

Engar kvaðir eru á eigendum að nýta sé þær breytingar sem heimilaðar eru með deiliskipulaginu, en byggingaheimild er í hverju tilviki fyrir sig háð niðurrifi eða breytingu núverandi húsnæðis og frágangi á lóð. Áhersla er lögð á vandaðan frágang bygginga, gott viðhald húsa og aukin umhverfisleg gæði hverfisins.

## 3.4 Lóðamörk

Afmörkun lóða íbúðarbyggðar á skipulagsuppdrætti eru í samræmi við fyrirliggjandi samþykkt mæliblöð og standa óbreytt.

Fyrirvari er þó gerður um réttmæti lóðamarka fari svo að lögð verði fram frekari gögn en fyrir lágu við skipulagsgerð. Komi til afgerandi breytinga á lóðamörkum og stærð lóða verða þær breytingar auglýstar til leiðréttingar á skipulaginu.

## 3.5 Húsakönnun

Í skipulagslögum nr 123/2010, gr.37 segir m.a. *„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.*

Tilgangur húsakönnunarinnar er að tryggja að nægilegar upplýsingar séu til staðar um hið byggða umhverfi fyrir ákvarðanatöku um ýmis atriði, t.d. breytingu á götumynd eða breytingar á einstökum húsum. Nauðsynlegt er að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun skipulagssvæðisins í heild sinni.

Húsakönnunin nær til allra húsa innan deiliskipulagssvæðisins.

Byggðarmynstrið á Arnarnesi er afar heilsteypt og má segja að Arnarnesið sé einstakt einbýlishúsahverfi á höfuðborgarsvæðinu. Þar risu á sjöunda og áttunda áratug síðust aldar nokkur af framsæknustu íbúðarhúsum eftir-stríðsáranna, hönnuð af arkitektum sinnar tíðar. Mörg þessara húsa bera sterk höfundareinkenni og þykja góð dæmi um ísl. byggingarstíl á seinni hluta 20.aldar og við upphaf 21.aldar. Þegar er eitt friðlýst hús á Arnarnesi - Mávanes 4 -, friðað af mennta- og menningarmálaráðherra 19. maí 2011 með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðun nær til ytra byrðis hússins og burðarvirkis þess.

Í hnotskurn eru helstu niðurstöður húsakönnunar Arnarness eftirfarandi :

Á Arnarnesi eru fimm hús sem gætu gefið tilefni til verndunar og jafnvel friðýsingar. Öll eru þau verðugir fulltrúar 20.aldar bygginga og mismunandi stíltegunda í byggingarlist. Öll eru þau mikilvæg dæmi um höfundarverk. Húsin liggja á tiltölulega afmörkuðu svæði, við göturnar Blikanes, Mávanes og þeim hluta Hegraness sem liggur að Arnarnesvogi.

Húsin eru :
*Blikanes 18, Blikanes 21, Blikanes 27, Mávanes 9 og Hegranes 30.*

Húsakönnunin er veganesti til framtíðar. Niðurstöður hennar verða skoðaðar nánar og metið í einstaka tilvikum hvort ástæða sé til breytingar á skipulagi m.t.t. verndunar mannvirkja.

***Sjá nánar :***
*Deiliskipulag Arnarness - Húsakönnun (2018)*





***Arnarnes***




*Núv.friðlýst hús - Mávanes 4 (litur blár)*
*Tillaga að verndun húsa (litur rauður)*




*Hús á Arnarnesi*
*sem hönnuð eru af arkitekt – eru merkt með rauðum lit*




*Deiliskipulag Arnarness*
*Uppdráttur 001*

# 4. ALMENNIR SKIPULAGSSKILMÁLAR

Þeir almennu skilmálar sem hér fara á eftir gilda að jafnaði um allar lóðir, byggingar og framkvæmdir innan skipulagssvæðisins. Í undantekningar-tilfellum er vísað til skilmálatöflu og kafla 5 (sérákvæði skipulagsskilmála) í greinargerð þessari.

## 4.1 Hönnun mannvirkja og uppdrættir

Lögð er rík áhersla á mikilvægi þess að undirbúningur, hönnun og framkvæmdir við ný og/eða endurbætt mannvirki taki mið af núverandi byggðarmynstri og nálægð þeirra við viðkvæmt og gróið umhverfi.

Aðaluppdrættir (byggingarnefndarteikningar) skulu vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál. Á aðaluppdráttum skal m.a. sýna bílageymslu, veggi á lóð (þ.m.t. steypta garðveggi, stoðveggi og skjólveggi), smáhýsi, sorpgeymslur, skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóð.

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skipulagsskilmálar þessir, gildandi skipulags- og byggingareglugerðir og aðrar reglugerðir segja til um.

Íbúðir einbýlishúsa, par- og/eða raðhúsa, skulu ávallt vera óskiptar eignir ásamt tilheyrandi bílastæði/bílastæðum í bílskýli eða bílageymslu.

## 4.2 Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sem þegar hafa verið gefin út af lóðum innan skipulagssvæðisins verða áfram í gildi.

*Mæliblöð* skulu ávallt sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa og bílageymsla, fjölda bílastæða á lóð og kvaðir ef einhverjar eru. Allir hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð fyrir sig.

*Hæðarblöð* hafa ekki verið gefin út af deiliskipulagssvæðinu, en skulu fylgja fyrirskrifuðum reglum þegar/ef gefin verða út. Á hæðarblöðum skulu sýndar hæðir á lóðarmörkum fjær götu (L) og hæðir lóða að gangstétt (G).
Á hæðarblöðum skal einnig sýnd, eftir atvikum, lega frárennslislagna, vatns-lagna og inntakshliða fyrir veitustofnanir sem og kvaðir, ef einhverjar eru.

Alltaf skal miða við aðalhæð = 1.hæð húss þegar kótar húss og lands eru samstilltir. Í deiliskipulagi Arnarness skal hæð gólfplötu vera sem hér segir :

- Gólfplata aðalhæðar/1.hæðar húss skal samlagast hæð á landi sem mest.
- Gólfplata aðalhæðar/1.hæðar má þó aldrei vera meiri en 0,20-0,40m yfir meðalhæð götu við lóðarmörk.
- Í þeim hluta húss, er fjærst er frá götu, má leyfa lægri plötuhæð en að ofan getur - og jafnvel að sá hluti hússins sé tvílyftur -, gefi jarðvegshæð á lóð greinilega tilefni til slíks, enda breyti það engu um áðurnefnda plötuhæð.

Leyfa má bílageymslu undir húsi gefi jarðvegshæð greinilega tilefni til slíks.

Plötuhæðir skulu ávallt sýndar á teikningum er fylgja byggingarleyfisumsókn.



***Hæðir húsa - dæmigerð sneiðing***
*Sama sneiðing - <u>í stærri mælikvarða</u> – er að finna aftar í greinargerð þessari*

## 4.3 Byggingarreitir

Byggingarreitur er sýndur á deiliskipulagsuppdrætti fyrir hverja skilgreinda lóð á deiliskipulagssvæðinu*. Skulu allir hlutar byggingar standa innan byggingarreits, þ.m.t. kjallari, bílageymsla, útbyggingar (s.s. svalir, anddyri, útistigar) og þakskegg bygginga. Um veggi utan byggingarreits gilda ákvæði byggingarreglugerðar.

Byggingarreitir eru táknaðir með brotnum línum, sem tákna ystu mörk byggingar og lágmarksfjarlægð frá lóðamörkum. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Frávik frá bindandi byggingarlínu að götu eru þó leyfð í þeim tilvikum þar sem eldra hús er rifið og annað byggt í staðinn. Þá má allt að ¼ hluti byggingarlínu við götu vera brotin lína, en ¾ hluti skal vera áfram bindandi byggingarlína. Heildarflötur bygginga á lóð, þ.m.t. rými neðanjarðar, má ekki fara út fyrir fyrirskrifað hámarksnýtingarhlutfall viðkomandi lóðar. B-rými teljast með við útreikning nýtingarhlutfalls. Rými undir þakskyggni teljast ekki til B-rýma. *Sjá einnig gr. 4.8*.

*
Undantekning frá þessu ákvæði er Mávanes 4 sem er friðuð bygging skv. 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.
**B**yggingarreitur gildir *aðeins* ef viðkomandi hús er rifið og nýtt byggt í þess stað. Ákvæði um hámark nýtingarhlutfall, (sbr. lið.4.8) tekur þá gildi.

Heitir pottar skulu ávalt staðsettir innan tilgreinds byggingarreits viðkomandi lóðar.

## 4.4 Smáhýsi á lóð

Smáhýsi á lóð (s.s gróðurhús, verkfæra- og útigeymslur) - allt að 6m2 að stærð - má byggja utan við skilgreindan byggingarreit, þó aldrei nær lóðarmörkum en 3m. Hámarksvegghæð er 1,8m og mænishæð 2,2m. Aðeins má byggja eitt smáhýsi á hverri lóð. Um smáhýsi á lóð gilda samþykktir Garðabæjar hverju sinni.

## 4.5 Sorpgeymsla

Lokuð sorpgeymsla skal vera götumegin húsa og sem næst götu. Skal hún greinilega sýnd á byggingarnefndarteikningum. Frágangur sorpgeymslu skal vera með þeim hætti, að hún sé aðgengileg vegna sorphirðu en sem minnst áberandi. Skal frágangi hennar lokið samhliða byggingu viðkomandi húss.

Sorpgeymslur skulu að öðru leyti vera í samræmi við 84.gr. byggingarreglu-gerðar og taka mið af rýmisþörf hverju sinni.

## 4.6 Bílastæði og bílageymslur

Á lóðum einbýlishúsa skal koma fyrir þremur bílastæðum við hvert hús. Bílastæði skulu ekki vera styttri en 7m framan við bílageymslur, en 5m að öðrum kosti. Staðsetning bílastæða inni á lóð skal aldrei vera nær lóða-mörkum næstu lóðar við hliðina en 1.5 m.

Á lóðum einbýlishúsa skal gera ráð fyrir bílageymslu fyrir einn eða tvo bíla. Niðurkeyrslur (skábrautir) fyrir bíla í bílageymslur eru óheimilar.

Bílastæði við götu eru til almennra nota.

## 4.7 Húsagerðir

Á hverri lóð skal reisa eitt íbúðarhús ásamt bílageymslu Sú meginregla gildir, að hús skuli vera einnar hæðar. Kjallarar (að hluta eða öllu leyti) eru þó heimilaðir þar sem lega lands og lagnakerfi leyfir. Lóðareigandi skal kosta sjálfur fráveitu frá kjallararýmum liggi þau neðar en fráveitulagnir Garðabæjar.

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skipulagsskilmálar þessir og skýringarmyndir segja til um. Við hönnun húsa skal gæta þess að nýta landkosti á lóð sem best og fella byggingar sem best að landi.

*Hæð húsa*

Hámarkshæð húss er reiknuð frá uppgefnum gólfkóta aðalhæðar = 1.hæðar. Með einnar hæðar húsi er átt við að aðalhæð hússins/ 1.hæð sé allt að 4m há.

*Sjá nánar grein 4.2 : Mæli- og hæðarblöð.*

*Þakgerðir / rishæð þaks*

Rishæð þaks má eigi vera meira en 1m. Heimilt er að staðsetja byggingarhluta sem óhjákvæmilega ná upp fyrir þak svo sem þakglugga og lofthája að því marki sem nauðsynlegt er.

***Sjá nánar skýringarmynd : Hæðir húsa – dæmigerð sneiðing.***

## 4.8 Nýtingarhlutfall

Nýtingarhlutafall er hlutfall milli brúttóflatarmáls húss og lóðarstærðar ($m^2$ húss/$m^2$ lóðar). Skilgreining brúttóflatarmáls samkvæmt íslenskum staðli ÍST 50 : Rými undir þakskyggnum allt að 2 metrum að dýpt skal ekki reikna sem

B-rými. Hámarks nýtingarhlutfall og hámarks flatamál húsa kemur fram í **skilmálatöflu**.

- *Kjallarar bygginga og gluggalaus rými neðanjarðar teljast með í nýtingarhlutafalli.*
- *Bílgeymslur teljast með í nýtingarhlutfalli.*
- *Smáhýsi á lóð (svo sem garðhús, gróðurhús eða útigeymslur) teljast ekki með í nýtingarhlutfalli.*

Deiliskipulaginu er ætlað að marka stefnu skipulagsyfirvalda um yfirbragð byggðar í Arnarnesi m.t.t. þeirrar byggðar sem fyrir er og hagsmuna húseigenda.

Í deiliskipulagi Arnarness eru eftirfarandi viðmið sett :

- Nýtingarhlutfall á hverri lóð má vera allt að **0.45**[1]. Þó skal byggður flötur hússins aldrei verða meira en 35% af flatarmáli lóðar.

Með 35% byggðum fleti er átt við þann hluta lóðar sem byggður er **án** tillit til hæðar húss eða kjallararýma. Skiptir þar ekki máli hvort um er að ræða eina eða tvær íbúðir (í einu húsi) á lóð. Heildarflötur byggingar á lóð má aldrei fara út fyrir fyrirskrifað hámarks nýtingarhlutfall viðkomandi lóðar. Þegar ný hús eru reist í stað eldri húsa gildir talan um hámarks nýtingarhlutfall sem sýnt er í **skilmálatöflu** með greinargerð þessari[2]**.**

Sé nýtingarhlutfall núverandi húsa meira en 0.45 (*sbr. skilmálatöflu)*, er ekki leyfð frekari uppbygging á viðkomandi lóð. Ákvæði nýtingarhlutfalls í deiliskipulagi þessu (Arnarness) gildir hins vegar, ef viðkomandi hús er rifið og nýtt byggt í þess stað.




***Dæmigerð skýringarmynd***
*Nýtingarhlutfall (0.45) og 35% byggður flötur*

*Sama skýringarmynd - <u>í stærri mælikvarða</u> - aftar í greinargerð þessari*

---

[1]Undantekning frá þessu ákvæði eru raðhúsalóðirnar við Hegranes 1-3, en þar er nýtingarhutfall 0,45-0,50 og Mávanes 4 sem er friðuð bygging.
*Sjá nánar kafla 5 sérákvæði skipulagsskilmála og skilmálatöflu.*
**2** *Sjá nánar lið* 3.4 varðandi fyrirvara um útreikninga nhl.





***Nýtingarhlutfall – dæmigerð mynd***
***Efri myndin** sýnir núverandi nýtingarhlutfall þriggja lóða*
***Neðri myndin** sýnir 0.45 % hámarks nýtingarhlutfall sömu lóða*

## 4.9 Nýbyggingar / viðbyggingar

Öll ný hús og viðbyggingar húsa á deiliskipulagssvæðinu skulu vera í samræmi við þá skilmála sem hér er lýst. Þar sem nýtt hús er byggt í stað eldra húss skal eldra hús ekki rifið fyrr en samþykktar bygginganefndarteikningar liggja fyrir.

## 4.10 Niðurrif húsa og annarra mannvirkja

Séu hús rifin og ný byggð í þeirra stað skulu sett tímamörk um alla framkvæmdina að hálfu sveitarfélagsins. Þar skal m.a. koma fram að óheimilt sé að nota götustæði fyrir byggingarefni, byggingartæki eða vinnuskúra og að ítrustu snyrtimennsku skuli gætt í hvívetna.

Viðkomandi lóðarhafi skal leggja fram tímaáætlun verksins til byggingarfulltúra Garðabæjar, sem og starfsleyfi frá heilbrigðis-fulltúra. Byggingarfulltrúa er falið að veita aðhald með framkvæmdum. Niðurrif húss skal ekki taka lengri tíma en 3 mánuði. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt niðurrif húss skal nágrönnum tilkynnt um samþykktina og skilyrði hennar, m.a. um tímaáætlun.

Samkvæmt grein 2.3.1. í gildandi byggingarreglugerð (nr.112/ 2012) skal sækja um byggingarleyfi þegar áformað er að rífa niðurbyggingu. Um niðurrif eiga við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999, gr.17.1 og liður 10.8 í fylgiskjali 2.

## 4.11 Óbyggðar lóðir

Skipulagskilmálar er fylgja deiliskipulagi þessu (Arnarnesi) eiga einnig við um allar óbyggðar lóðir á deiliskipulagssvæðinu.

### 4.12 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við samþykkta aðaluppdrætti og byggingarreglugerð (nr. 112/212, kafla 7.2, gr.7.2.4).

Lóðarteikning skal lögð fyrir byggingarfulltrúa samhliða byggingarnefndar-teikningum. Á lóðarteikingu skal sýna fyrirkomulag lóðar, s.s. frágang á lóðarmörkum, skjólveggi, girðingar, staðsetningu bílastæða, gróður- og grassvæði. Tilgreina skal tegundaval trjágróðurs þar sem það á við.

Lóðarhafa ber að virða uppgefinn lóðamörk á mæliblöðum. Ekki er því heimilt að fóstra land utan tilgreindra lóðarmarka. Að öðru leyti skal viðkomandi bera kostnað af að færa svæðið aftur í fyrra horf ella hljóta sekt sem ákveðinn skal af byggingarfulltrúa Garðabæjar. Óheimilt er að raska óhreyfðu landi utan lóða.

Ekki er heimilt að ryðja eða moka jarðvegi út fyrir lóðamörk. Óheimilt er að nota nema eigin lóð sem vinnusvæði. Uppgröftur, byggingarefni eða annað sem að byggingaframkvæmd lýtur verður fjarlægt á kostnað lóðarhafa, ef út af er brugðið.

Þar sem lóðir liggja að götu, stíg eða að óbyggðu svæði skal lóðarhafi sjá um og kosta frágang kanta. Sé hæðarmismunur á milli lóða, skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kanta á lóðarmörkum, nema lóðarhafar semji um annað. Hæðarmismunur eyðist inn á hærri lóð. Skal þá miðað við halla í óhreyfðu landi eða hæðarkóta á teikningum og uppdráttum. Ef lóðarhafi lækkar lóð sína, skal hann sjá um alla þá kanta sem við það myndast. Þar sem hæðarmunur er milli götu og lóðar skal lóðarhafi gera stoðmúr eða fláa að lóðarmörkum, áður en gengið er frá götunni og hafa um það samráð við byggingarfulltrúa Garðabæjar. Fláar sem verða til á lóðamörkum skulu þannig útfærðir að minnsta fjarlægð frá þeim í lóðamörk verði 1m.

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á lóð sinni og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar hæðartölur og teikningar. Lóðarhafa ber að fylgja G- og L-tölum sem sýndar eru á mæli- og hæðarblaði. Þeir sem þurfa að víkja frá þessum hæðum taki á sig stalla/fláa eða veggi innan sinnar lóðar og á sinn kostnað.

Verði ágreiningur um frágang á sameiginlegum lóðamörkum skal hlíta úrskurði byggingarnefndar Garðabæjar í því máli.

### 4.13 Girðingar, skjól- og stoðveggir

Með *girðingu* er átt við girðingu eða skjólvegg úr léttu byggingarefni svo sem úr timbri, málmi eða gleri, á traustum undirstöðum. Með *skjólvegg* er átt við girðingu eða skjólvegg úr steinsteypu eða hlöðnum steinum. *Stoðveggur* er veggur eða sá hluti veggjar sem er hluti af landslagsmótun á lóð og er fyrir neðan yfirborð ómótaðrar lóðar.

Ekki er heimilt að reisa girðingu eða vegg á lóðarmörkum, nema með samþykki beggja lóðarhafa og að fengnu samþykki byggingarfulltrúa Garðabæjar. Hámarkshæð girðinga og veggja á lóð er 1,80m. Hámarkshæð veggja og girðinga að lóðarmörkum að opnum svæðum eða stígum er 1,5m og að götu 0,75m. Miðast þetta við þær hæðir sem stuðst hefur verið við í sveitarfélaginu Garðabæ. Hámarkshæð veggja og girðinga er mæld frá jarðvegshæð við girðingu eða vegg en frá hæð lóðar á lóðarmörkum ef jarðvegshæð er hærri.

Vanda skal sérstaklega útlit allra girðinga, skjól- og stoðveggja, þannig að þeir myndi eina sjónræna heild við viðkomandi hús og stangi ekki í stúf við umhverfisleg gæði hverfisins. Sýna skal útlit girðinga, skjól- og stoðveggja, sem og staðsetningu og frágang þeirra á byggingarnefndarteikningum.

Að öðru leyti er vísað til greinar 7.2.3. í byggingarreglugerð (nr.112/2012) þar sem kveðið er á um girðingar lóða.

## 4.14 Kvaðir

Kvaðir eru tilgreindar í skilmálatöflu fyrir viðkomandi lóð eða svæðis og eru sýndar á deilskipulagsuppdrætti. Kvaðir á gildandi mæliblöðum halda – nema annað sé tekið fram – t.d. vegna úreldingar.

Með kvöðum um lagnir á lóðum fylgir kvöð um *aðgengi* viðkomandi lóðar vegna viðhalds lagna og endurnýjunar, ef svo ber undir. Kvaðir um *umferð* að lóðum eiga eingöngu við umferð að viðkomandi lóðum og er ekki ætluð almennri umferð. Er þá átt við umferð farartækja að bílastæðum innan viðkomandi lóðar og - eftir atvikum - umferð sérbíla s.s sorpbíla eða vegna aðkomu að aðliggjandi lóðum vegna umhirðu - eingöngu og tímabundið -.

## 4.15 Framkvæmdartími – tímamörk

Bygging húss skal hafin eigi síðar en einu ári eftir að leyfi er veitt til framkvæmda og skal að fullu lokð eigi síðar en 1.5 ári eftir að bygginga-framkvæmdir hefjast. Þar sem um byggingu húss er að ræða í grónu hverfi er krafa um að lóð skuli vera að fullu frágengin eigi síðar en 3 árum eftir að byggingaframkvæmdum er lokið.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að ljúka framkvæmdum á kostnað lóðarhafa, verði ekki staðið við skilmála þessa.

## 4.16 Atvinnustarfssemi á íbúðarhúsalóðum

Deiliskipulagssvæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð. Öll atvinnustarfsemi og rekstur sem leiðir af sér umferðaraukningu um húsagötur eða ónæði er með öllu óheimil, nema með samþykki bæjarstjórnar.

Ekki er heimilt að nýta almenn bílastæði eða botlanga innan hverfisins fyrir atvinnubíla, s.s. rútur og vörubíla. Ekki er heimilt að geyma taldvagna, húsbíla, hjól- eða fellihýsi á almennum bílastæðum eða opnum svæðum.

## 4.17 Raðhúsaeiningar við Hegranes 1- 3

Á óbyggðri lóð efst í Hegranesi (merkt nr 1-3) er gert ráð fyrir 4 lóðum fyrir 4 raðhúsaeiningar. Á hverri lóð er byggingarreitur fyrir 3 einingar; samtals 12 íbúðir, en aðeins er gert ráð fyrir einni íbúð í hverri einingu. Hver eining hefur sinn sérnotahlut. Raðhúsin eru allt að tveimur hæðum. Aðkoma er frá Hegranesi með viðeigandi kvöðum um aðgengi og umferð.

Við hönnun húsanna skal gæta þess að nýta landkosti lóðarinnar sem best og fella byggingar vel að landi. Lögð er rík áhersla á góðan undirbúning framkvæmda, gæði hönnunar og frágang lóða. Ásýnd húsanna er sérlega mikilvæg vegna staðsetningar þeirra í hverfinu og tengsl þeirra við núverandi byggðarmynstur.

Garðabær mun leggja fram almenna úthlutunarskilmála þar sem kveðið er á um tímamörk fyrir skil á teikningum, byggingarfrest o.fl. Garðabær mun gefa út mæliblöð á grundvelli deiliskipulagsins, þar sem lóðamörk og byggingarreitir verða málsettir og gefnir upp kótar fyrir gólfplötu 1.hæðar, ásamt viðeigandi kótum (G og L) á lóðamörkum.

***Sjá nánar sérákvæði skilmála í kafla 5.***

## 4.18 Almenningsgarður

Í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er hluti miðsvæðis á háholti Arnarness skilgreindur sem almenningsgarður. Við endanlega útfærslu svæðisins skal taka tillit til þeirra menningar- og búsetuminja sem til staðar eru sbr. 22.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Jafnframt skal leitast við að nýta þann möguleika sem minjarnar gefa til tengingar sögu við

útivist. Í því sambandi má nefna Wegener-steinstöpulinn, sem reistur var árið 1930 af þýska jarðvísindamanninum Alfred Wegener. Þessi stöpull nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi og er listaður í fornleifaskráningu Garðabæjar. Einnig mætti nefna Sakamannadys frá árinu 1582, sem kennd er við annan þjóðverja, Hinrik Kühles. Ef framtíðarsýn svæðisins leiðir til e-k minjagarðs sem gerir t.d. ráð fyrir byggingu undir sýningar eða kennslu, þá skal með deiliskipulagsbreytingu skilgreina sérstakan byggingarreit.

Lagt er til að um 2m breiður göngustígur (tengistígur), verði lagður frá stein-stöpli Wegener og inn eftir háholtinu. Stígurinn skal ekki liggja nær skráðum fornminjum en 15m. Gert er ráð fyrir lágri lýsingu á stígnum. Við val á ljósapollum skal taka mið af yfirbragði svæðisins. Hæð þeirra skal ekki vera meiri en 1m. Lýsingin skal takmörkuð við 180° og skal hún lýsast niður og frá byggð.

Til að auðvelda gestum aðgengi að svæðinu í heild sinni, er gert ráð fyrir um 5-7 almennum bílastæðum við Hegranes í námunda við stöpul Wegener. Taka skal tillit til staðhátta við endanlega útfærslu og hönnun svæðisins t.d. hvað varðar breidd stíga, yfirborðs- og efnisval, bílastæði, aðgang viðhaldsbíla, lýsingu og gróðuruppbyggingu.

Almenningsgarðurinn, verður hannaður og útfærður nánar, en gerð hans og viðhald verður á vegum Garðabæjar.



***Steinstöpull Alfred Wegener***

## 4.19 Ræktun á opnum svæðum / óhreyfðu landi

Ekki er gert ráð fyrir skipulagðri skógrækt á friðlýstum eða opnum svæðum skipulagssvæðisins. Ekki er heldur gert ráð fyrir matjurta- og skólagörðum. Halda skal sérkennum þessara svæða og menningarsögulegu landslagi, þ.m.t kennileitum, lífríki og jarðmyndunum.

Skipulögð ræktunar- og gróðuruppbygging er hins vegar heimil í tengslum við leik- og útivistarsvæði hverfisins, sem og hluti af frekari hljóðvörn. Þau svæði verða útfærð nánar, en gerð þeirra og viðhald verður á vegum Garðabæjar.

Þar sem nauðsynlegt reynist að byggja upp hljóðmanir eða hljómúra, skal þess sérstaklega gætt að mótun þeirra og frágangur allur falli sem best að umhverfinu hverju sinni.

Mikilvægt er að gróður sé ávalt valinn með tilliti til landgæða og umhverfis og tengist með eðlilegum hætti því landi sem skal standa óhreyft og verndað.

## 4.20 Gróður - útsýni – umhverfisgæði

Ákvæði um verndun útsýnis var hluti upphaflegra skilmála við uppbyggingu Arnarness. Í deiliskipulagi þessu (Arnarness) skulu húseigendur kappkosta að byrgja ekki útsýni hvor fyrir öðrum t.d. með útplöntun hárra trjátegunda eða staðsetningu skjólveggja.

*Nýr gróður*

Ekki verður heimilt að planta öspum eða grenitrjám í görðum íbúðarhúsa innan deiliskipulagssvæðisins.

Trjágróður skal ekki fara upp fyrir mænishæð bygginga. Lögð er áhersla á gróðursetningu lágvaxinna trjáa svo sem ilmbjarkar (birki), selju og hegg, sem og útplöntun á stökum lykiltrjám í görðum, t.d. hinum ýmsu reyniviðar-tegundum (ilmreyni, silfurreyni, skrautreyni, alpareyni), gráöl og hlyn. Þá má einnig nefna ýmiss ávaxtatré, s.s. epla- og kirsuberjatré. Sérstaklega er mælt með útplöntun á runnagróðri (mesta hæð 1.8m) og klipptum limgerðum á lóðamörkum.

Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum byggingarreglugerðar (nr.112/1212, gr. 7.2.2.) varðandi hæð trágróðurs, en þar segir m.a :

*"Ekki má planta hávöxnum trjátegundum nær lóðamörkum aðliggjandi lóða en 4,00m. Við staðsetningu trjáa á lóð sem ætlað er að vaxi frjáls skal taka tillit til skuggavarps á viðkomandi lóð og nágrannalóðum. Sé trjám plantað við lóðamörk samliggjandi lóða skal hæð þeirra ekki verða meiri en 1,80 m, nema lóðarhafar beggja lóða séu sammála um annað. Ef lóðamörk liggja að götu, gangstíg eða opnu svæði má trjágróður ná meiri hæð, enda komi til samþykki veghaldara eða umráðaaðila viðkomandi svæðis."*

## 4.21 Göngu- og reiðhjólastígar

Gert er ráð fyrir undirgöngum fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur við Arnarnesvog.

Eitt af markmiðum deiliskipulagsins er áhersla á greið tengsl við nærliggjandi íbúða -, skóla og þjónustusvæði. Sérstaklega skal hugað að aðgengi fyrir alla.

*Aðgengi fyrir alla*

Aðgengi fyrir alla er tryggt að fjöru Arnarness á a.m.k. þremur stöðum innan deiliskipulagssvæðisins, en þar verður komið upp litlum áningastöðum fyrir íbúa og gestir þeirra. Áningastaðir þessir skulu vera einfaldir í sniðum og efnisvali og aðlagðir að því umhverfi og staðháttum sem einkennir hvert svæði fyrir sig. Sérstaklega skal vandað við val á útigögnum, þ.m.t. merkingum. Gæta skal að hæðarafstöðu áningastaða og afskermum þeirra gagnvart aðliggjandi lóðum, m.a. til að raska ekki friðhelgi íbúa.

Ráðstafanir verða gerðar við nánari útfærslu að sérbílar, t.d. vegna viðhalds, eigi auðveldan og greiðan aðgang að viðkomandi svæðum.

**Þverun gönguleiða**

Þar sem gönguleiðir liggja yfir götur (*þverun gönguleiða*), skal sérstaklega hugað að öryggismálum gangandi og hjólandi vegfarenda og viðeigandi ráðstafanir gerðar við nánari útfærslu þeirra.

Stígar og áningastaðirnir verða hannaðir og útfærðir nánar, en gerð þeirra og viðhald verður á vegum Garðabæjar.

*Sjá nánar skýringarmynd : Stígar*

### 4.22 Gildistaka

Við gildistöku þessa deiliskipulags falla úr gildi eldri skipulagasáætlanir og skilmálar, sem gilt hafa um einstaka hluta skipulagssvæðisins.



***Sólarlag á Arnarnes***

# 5. SÉRÁKVÆÐI SKIPULAGSSKILMÁLA

## Hegranes 1- 3

### 5.1 Almennt

Hér er lýst sérákvæðum skilmála fyrir 4 nýjar raðhúsalóðir við Hegranes 1-3, hver þeirra með 3 einingum (1a-b-c/d-e-f og 3a-b-c/d-e-f) og sérnotahluta.

Allir **almennir skipulagsskilmálar** í greinargerð þessari, eiga einnig við um lóðina Hegranes 1-3 og þau hús sem þar munu rísa.

### 5.2 Raðhús

Um er að ræða fjórar einingar af raðhúsum – hver þeirra með 3 húsum (samtals 12 raðhús) – á fjórum byggingarreitum á fjórum misstórum lóðum.

Hæð húsanna er allt að tvær hæðir ásamt innbyggðri bílgeymslu, en umtalsverður halli er á lóðunum og því er aðkoma á efri hæð í neðri húsaröðinni. Hverju húsi skal fylgja 2 bílastæði. Heimild er fyrir einu gestabílastæði á lóð. Þá er heimild fyrir 1.5m útbyggingu/ einingu fyrir bílskúra.

Mesta hæð á mæni húss er 7.50 m (HM) miðað við kóta aðalgólfs.

Nýtingarhlutfall lóðanna er á bilinu 0.45-0,50 miðað við 220m2/ einingu. Heildarflötur bygginga á lóð má aldrei fara út fyrir uppgefið hámarksnýtingarhlutfall viðkomandi lóðar.







***Dæmigerð sneiðing í landi***

**Hegranes 1a-b-c**
*Stærð lóðar* : 1315m2.
Nýtingarhlutfall 0,50.
*Aðkoma*: Frá Hegranesi
*Húsgerð*: 3 raðhúsaeiningar með einni íbúð í hverri einingu.
*Húshæð:* Tvær hæðir. Mesta hæð á mæni húss er 7.50 m (HM) miðað við kóta aðalgólfs.
*Bílastæði:* 2 stæði/einingu. Heimilt er að hafa innbyggða bílageymslu og 1.5m útbyggingu fyrir bílskúr/ einingu. 1 gestastæði er sameiginlegt fyrir alla eininguna.
*Þakgerð*: Þakgerð er frjáls.
*Kvaðir :* Sjá kafla 4.14 og skilmálatöflu.

**Hegranes 1d-e-f**
*Stærð lóðar* : 1371m2
Nýtingarhlutfall 0,48.
*Aðkoma*: Frá Hegranesi
*Húsgerð*: 3 raðhúsaeiningar með einni íbúð í hverri einingu.
*Húshæð:* Tvær hæðir. Mesta hæð á mæni húss er 7.50 m (HM) miðað við kóta aðalgólfs.
*Bílastæði:* 2 stæði/einingu. Heimilt er að hafa innbyggða bílageymslu og 1.5m útbyggingu fyrir bískúr/ einingu. 1 gestastæði er sameiginlegt fyrir alla eininguna.
*Þakgerð*: Þakgerð er frjáls.
*Kvaðir :* Sjá kafla 4.14 og skilmálatöflu.

**Hegranes 3a-b-c**
*Stærð lóðar* : 1482m2.
Nýtingarhlutfall 0,45,
*Aðkoma*: Frá Hegranesi
*Húsgerð*: 3 raðhúsaeiningar með einni íbúð í hverri einingu.
*Húshæð:* Tvær hæðir. Mesta hæð á mæni húss er 7.50 m (HM) miðað við kóta aðalgólfs.
*Bílastæði:* 2 stæði/einingu. Heimilt er að hafa innbyggða bílageymslu og 1.5m útbyggingu fyrir bílskúr/einingu. 1 gestastæði er sameiginlegt fyrir alla eininguna.
*Þakgerð*: Þakgerð er frjáls.
*Kvaðir :* Sjá kafla 4.14 og skilmálatöflu.

**Lóð 4a-b-c**
*Stærð lóðar* : 1428m2.
Nýtingarhlutfall 0,46.
*Aðkoma*: Frá Hegranesi
*Húsgerð*: 3 raðhúsaeiningar með einni íbúð í hverri einingu.
*Húshæð:* Tvær hæðir. Mesta hæð á mæni húss er 7.50 m (HM) miðað við kóta aðalgólfs.
*Bílastæði:* 2 stæði/einingu. Heimilt er að hafa innbyggða bílageymslu og 1.5m útbyggingu fyrir bílskúr/einingu. 1 gestastæði er sameiginlegt fyrir alla eininguna.
*Þakgerð*: Þakgerð er frjáls.
*Kvaðir :* Sjá kafla 4.14 og skilmálatöflu.

**Hljóðvist** skal uppfylla ákvæði um hljóðvist á íbúðarlóðum sbr. *Reglugerð um hávaða nr. 724/2008*skv. Gæta skal sérstaklega að hljóðeinangrun húsa og skal miða við 55db (A) lágmarki alls staðar á lóðunum. Rík áhersla er lögð á útlitsleg gæði allra hljóðvarna og gætt að rýmismyndun á lóðunum, við nánari útfærslu á hljóðvörnum.

*Sjá nánar Viðauka I*

# 6. ÖNNUR MANNVIRKI

## 6.1 Spennistöð

Núverandi spennistöðvar OR á deiliskipulagssvæðinu eru tvær; annars vegar við göngustíg milli Blikaness og Tjaldaness og hins vegar við leiksvæði milli Þernuness og Haukaness. Spennistöðvarnar munu standa þar áfram í óbreyttri mynd.

Aðgengi vegna viðhalds er tryggt að spennistöðvunum.

Að beiðni Sólveigar Helgu Jóhannsdóttur fyrir hönd Garðabæjar þann 15. október tók skýrsluhöfundur að sér að skrifa skýrslu um fornleifaskráningu á Arnarnesi. Áður hafði höfundur skrifað greinagerð árið 2014 um eldri skráningar á svæðinu vegna ósamræmis í gögnum til grundvallar deiliskipulagi fyrir Arnarnes hvað snerti staðsetningu Gvendarbrunns. Í þeirri yfirferð komu í ljós frekari ágallar á skráningargögnum. Nú þegar er verið að ljúka við deiliskipulag á Arnarnesi sem unnið er af Hornsteinum ehf. hefur Minjastofnun Íslands farið fram á að skila þurfi skráningarskýrslu sem uppfylli kröfur um skráningar á deiliskipulagsstigi. Garðabær hefur verið að láta mælar upp allar minjar í landi Garðabæjar og þau gögn liggja til grundvallar þessari skýrslu ásamt þeirri skráningu sem fram fór árið 2014.

Í þessari skýrslu eru númer á fornleifum úr stafræna landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar ásamt númerum úr fornleifaskráningu þeirri sem Fornleifastofnun Íslands ses. vann.[1] Er það gert til að auðvelt sé að átta sig á hvaða fornleifar er átt við því sú skýrsla er útgefin.

Á Arnarnesi er meðal annarra minja að finna Gvendarbrunn, þjóðleiðina, bæjarstæði Litla Arnarnes, Smiðjuhól og bæjarstæði Arnarnes, sem hefur verið sléttað út. Einnig eru þekktar þrjár dysjar sakamanna sem teknir voru af lífi á Kópavogsþingi. Ein þeirra mun vera dys Hinrik Kules [1455] sem dæmdur var til dauða fyrir morð. Hinar dysjarnar tvær eru Þorgarðsdys [1450] og Þormóðsleiði [1458]. Líklegt er að dysjarnar sem voru uppi á hálsinum séu horfnar og að örnefni þeirra séu að færast til. Staðsetning þeirra í fyrri skráningu virðist vera tóft og fuglaþúfa. Þorgarðsdysin [1450] er enn við alfaraleiðina á leið upp Arnarneshálsinn.

Í þessari skýrslu, hjálögðum kortum og skrá yfir fornleifar er leitast við að gefa fullnægjandi upplýsingar til að ljúka megi deiliskipulagsvinnu og forða minjum frá raski. Ómar Smári Ármannsson, fornleifafræðingur, skráði með skýrsluhöfundi á vettvangi árið 2014 og Guðmundur Ólafsson skráði þetta svæði árið 1983. Guðmundur tók allar svarthvítu ljósmyndirnar sem birtast í skýrslunni. Þeim og öðrum, sem veittu aðstoð við gerð þessarar

---

[1]Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar leifsson (ritstj.), „Fornleifaskráning í Garðabæ”.

fornleifaskráningar, er þökkuð aðstoðin. Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

## Fornleifaskráningar í Arnarneslandi

Skipulögð fornleifaskráning hófst árið 1984 í Garðabæ og hafði hluti af Arnarnesi verið skráður þá. Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur, vann þá skráningu fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Sú skráning var aldrei gefin út en gögn frá þeirri skráningu hafa nýst við skráningarvinnu í Garðabæ og í þessari skýrslu má sjá ljósmyndir frá þeim tíma.

Skýrsluhöfundur skráði árið 1994 fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands hluta af Arnarneslandi vegna deiliskipulags og aftur árið 2004 Arnarnesland-Akraland, ásamt Önnu Rut Guðmundsdóttur, þá á vegum Byggðasafns Skagafirðinga. Það svæði, sem tilheyrði jörðinni Arnarnesi, er fyrir utan deiliskipulagið sem nú er unnið að.

Árið 2003 fór fram deiliskráning á völdum reitum í landi Arnarness. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands ses. og var gerð af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur. Síðar meir vann Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu fyrir aðalskipulagið í Garðabæ og var sú skráning ásamt þeirri sem var gerð árið 2003 notuð fyrir deiliskipulagið í Arnarnesi árið 2009.[2] Vegna ósamræmis í gögnum til grundvallar deiliskipulagi fyrir Arnarnes hvað snerti staðsetningu Gvendarbrunns óskaði skipulagsstjóri Garðabæjar eftir því við undirritaða í tölvupósti 4. og 5. júní 2014 að gengið yrði úr skugga um rétta staðsetningu. Við vettvangsskoðun komu í ljós frekari ágallar á fyrirliggjandi gögnum. Í samráði við skipulagsyfirvöld í Garðabæ var því farið yfir allar staðsetningar með því að ganga svæðið og taka ný hnit og bera þau saman við fyrirliggjandi skráningu og var gefin út greinagerð ásamt kortum sem nýta átti með deiliskipulaginu árið 2014. Minjastofnun Ísland taldi þurfa nýja fornleifaskrá og er þessi skýrsla afrakstur þess.

[2] Sama heimild.

Það er mikilvægt að nefna að ef skýrsla Fornleifastofnunnar er lesin og kort skoðuð að menn átti sig á því að staðsetningar eru í nokkrum tilvikum ekki réttar, þótt lýsingar á staðháttum séu nærri lagi, og að hnitsetningu er því miður áfátt. Virðast að minnsta kosti sex fornleifar vera rangt staðsettar þannig að kemur að sök vegna skipulagsvinnunnar.

# Skráningarsvæðið

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:
„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo er nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.




**Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.**

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna er fjallað um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

## Númer minja

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á t.d. „*Arnarnes* **[1436] (GK-178:001)** bæjarhóll bústaður”. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Seinna númer er númer Fornleifastofnunar Íslands ses. sem sá um fornleifaskráningu á svæðinu 2009 en í því númeri er jarðatal Johnsen númer 178. Heildarfjöldi minja voru 28.

| | |
|---|---|
| Sérheiti | Smiðjuhóll |
| Bæjarnafn | Arnarnes |
| Jarðatal Johnsen | 178 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Hlutverk_2 | |
| Tegund | Álagablettur |
| Leið | |
| Lengd | 10 meter |
| Breidd | 9.5 meter |
| Hæð | 0,6 metrar |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | Á lóð Hegranes 24 og honum hefur ekki verið raskað |
| Aðalsvæði | Arnarnes |
| Svæði | Arnarnes |
| Túnakort | <None> |
| Heimildir | FSI 2009:85,GRG 2001:23 |
| Örnefnaskrá | Ö-Arnarnes, 1 |
| Aldurstímabil | 1500-1900 |
| Skrásetjari | RT |
| Mæling | Uppmælingar |
| Skráningarár | 2014 |
| Skráningardagur | 12.06.2014 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_ástæða | <None> |
| Hættumat | Mikill hætta |
| Hættuorsök | Vegna framkvæmda |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| GPS hnit Norður | 6405883 |
| GPS hnit Vestur | 2155411 |
| Verkefni | Deiliskipulag Arnarnes |
| Friðað | Já |
| Gömul númer | GK-178:010 |

**Mynd 3 Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.**

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um t.d.

útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskránna eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. *Smiðjuhóll* [1445], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. stígur eða varða.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmum gps mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingarkerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættu þegar einungis eru til heimildir um fornleifar og þær fundust ekki við vettvangsskráningu. Hættumatið kemur fram í fornleifaskránni.

## Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.



**Mynd 4 Túnakort frá 1918 sem sýnir nokkurn veginn hvar bæjarhúsin, og túngarðurinn var á þeim tíma.**

## Arnarnes

Búseta á Arnarnesi nær aftur á fyrir hluta 16. aldar miðað við ritheimildir. Arnarnes er fyrst getið í fógetareikningum 1547-48 en þá er jörðin komin undir Viðeyjarklaustur.[3] Telja má þó líklegt að byggð sé mun eldri. Heimildir um búsetu á Arnarnesi eru fátæklegar en í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 er Arnarnes konungsjörð og jarðardýrleiki óviss.[4] Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er Arnarnes enn í konungseign og metin á 20 hdr.[5] Á túnakorti frá 1918 af Arnarnesi

[3] DI XII, 113, 139, 154, 174.
[4] Jarðabók, 1984, 227.
[5] Jón Johnsen, 1847, 92.

segir að tún sé sléttað og farið að þýfast, það teljist 4 teigar og þar sé kálgarður að flatarmáli 900 $m^2$.[6]

Á nesinu eru þekkt tvö býli, Arnarnesið sjálft og svo Litla Arnarnes, sem einnig er þekkt sem Arnarnes gamla og Arnarneskot.[7] Ekkert er minnst á kotið í jarðabókinni eða í jarðatali Johnsen og gæti það bent bæði til þess að það sé eldra en heimildirnar. Umfjöllun um kotið má finna í grein Matthíasar Þórðarsonar í árbók hins íslenska fornleifafélags frá árinu 1929.

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 má sjá eftirfarandi samantekt um Arnarnes:

***Arnarnes***

*Jarðardýrleiki er óviss.*

*Eigandinn kóngl. Majestat.*

*Ábúandinn Jón Gíslason.*

*Landskuld i €. Betalast með vi vættum fiska í kaupstað eður einu hundraði í fríðu og fiskaíjórðúng ofan á hverja á með lambi.*

*Við til húsabótar leggur ábúandi.*

*Leigukúgildi iiii. Leigur betalast í smjöri heim til Bessastaða. Kúgildin uppýngir ábúandi.*

*Kvaðir eru mannslán um vertíð, betalast in natura eður leysist uieð hálfum skiphlut af fjegra raanna fari eður tveggja manna fari ef hitt er ei til. Stundum Ijær ábúandi fjegra manna þar til vertiðarbrúkunar i mannsláns nafni millum kyndilmessu og Hallvarðsmessu og leggur ekkert annað til útgjörðar. Tveir dagslættir, gjaldast in natura. Hestlán til alþingiss eður inn imi sveit til að kalla hesta. Hrisshestar tveir, gjaldast in natura. Tvær ferðir í Elliðaár á ári. Skipaferðir þegar kallað er en þó ekki árlega. Húsastörf til Bessastaða þegar kallað er. Að bera fálka frá Bessastöðura í Hólm siðan þar sigldu fDIálkarnir. Heyhestur einn til fálkapeníngsins siðan þeir sigldu í Hólmi. Lambsfóður kauplaust og betala veturgamlan sauð ef lambið f'erst.*

*Kvikfjenaður vi kýr og einn vetrúngur, ii hestar.*

*Fóðrast kann v kýr.*

*Heimilissmenn vi.*

*Skóg til kolgjörðar og hrísstekja sem kvöð er hefur jörðin í almenningi eður kóngslandi.*

*Torfrista og stúnga og móskurður nægilegt.*

*Rekavon nær engin.*

---

[6] Túnakort, 1918.
[7] Gísli Sigurðsson, 1964, 2.

*Hrognkelsafjara nokkur.*

*Marálm rekur en brúkast ekki*

*Heimræði er ekki, því að lángleiði er fram yfir hóf, og geta menn ekki nýtt innan úr þeim vog, sem að bænum liggur, en ábúandinn hefur í næstu tvö ár haft skipsuppsátur að leyfi eftirliggjarans í Hafnarfirði, þar sem heitir Akurgerði; þar fyrir utan hefur bóndinn skipsuppsátur og vergagna brúkan þar sem hann kann að fá á Álftanesi eður Seltjarnarnesi fyrir undirgift.*

*Engjar eru öngvar.*[8]



**Mynd 5 Bæjarstæði Arnarnes [1436] er að finna undir þessari flöt.**

[8] Jarðabók, 1984, 227.

## Arnarnes [1436] (GK-178:001) bæjarhóll bústaður

Elsta heimild um búsetu á Arnarnesi er að finna í fógetareikningum 1547-48 um jarðir Viðeyjarklausturs. Einnig má finna heimild um Arnarnes í fógetareikningum fyrir árin 1548-49, 1549-40 og 1550.[9] Arnarnes átti þar sem nú er Akraland og hafa fornleifarannsóknir þar sýnt minjar frá landnámi; jarðhús frá 10. öld og garð frá miðöldum. Í örnefnalýsingu GS segir að Arnarnesbær hafi staðið í Arnarnestúni.[10] Á túnakorti frá 1918 er á bæjarstæðinu sýnd mörg lítil hús í tveimur samhliða röðum.[11] Arnarnesbærinn var þar sem nú er útivistarsvæði, sem er suðvestur af baklóðum Blikaness 3 til 9, norðvestur af Hegranesi 22 og 24 niður að sjó. Inni á lóð Hegranes 24 er að finna Arnarnesbrunninn [1444] og Smiðjuhól [1445] en Arnarnesbærinn hefur líkast til verið rétt norðvestan við baklóð Hegranes 24.

Útivistarsvæðið er sléttað og á því má finna fótboltavöll auk róluvölls. Sé horft í suðvestur er útsýni yfir Arnarnesvog, Garðahraun og Álftanes. Framkvæmdir fyrri tíma við sléttun á túninu fylgdu án efa uppbyggingu á Arnarnesi á sjöunda áratugnum. Líklega má enn finna leifar af bæjarhólnum í misfellum sem sjá má á túninu, en að öllum líkindum var efni rutt til við sléttun en ekki flutt burt. Heimildir benda til þess að búseta hafi verið á Arnarnesi allt frá miðöldum og eru það því góðar vísbendingar um að eldri mannvistarleifar eru enn að finna undir sverðinum.

## Kirkja – heimild [1437] (GK-178:002) bænhús

Í fógetareikningum fyrir árin 1547-48,1548-49, 1549-50, og 1550 er getið um 2 kirkjukúgildi í Arnarnesi.[12] Heimildin er áhugaverð þar sem hún bendir til þess að þarna hafi verið kirkja eða bænhús á 16. öld, og þá sennilega ennþá fyrr. Staðsetning bænhússins/kirkjunnar er ekki þekkt, en þó er hugsanlegt að bænhúsið/kirkjan sé í Smiðjuhól [1445], samanber álögin, auk þess sem

---

[9] DI XII, 113, 139, 154, 174.
[10] Ö-Arnarnes GS, 1.
[11] Túnakort, 1918.
[12] DI XII, 113, 139, 154, 174.

tóft er að finna á hólnum. Staðsetning er ókunnug en ef þarna hefur verið kirkja þá hefur hún verið á bæjarstæðinu.

## Útihús – heimild [1438] (GK-178:003)

Á túnakorti frá 1918 sést útihús 120 m norður af bæjarhúsum Arnarness.[13] Útihúsið var líklega þar sem nú eru lóðamörk Blikanes 11, Blikanes 13 og Mávanes 2.

## Útihús – heimild [1439] (GK-178:004)

Á túnakorti frá 1918 sést útihús áfast við túngarð um 140 m norður af bæjarhúsum Arnarness.[14] Útihúsið var líklega þar sem nú stendur íbúðarhús að Blikanesi 10.

## Arnarnestúngarður [1440] (GK-178:005) garðlag túngarður

Í örnefnalýsingu GS segir „Arnarnesbær stóð í Arnarnestúni, Arnarnestúngarður lá um túnið. Austurtúngarður að austan, norðurtúngarður að ofan, norðan, og vesturtúngarður að vestan. Allir voru garðar þessir af grjóti og torfi hlaðnir”.[15] Byggð hefur eytt Arnarnestúngarði að mestu en sjá má hluta hans á auðu lóðinni Mávanes 5. Túngarðsbrotið, sem er allgróið, er fremur beint og er líklega úr norðurtúngarði. Brotið nær frá gagnstétt að austan fram að strönd að vestan og er um 50 m langt. Við vettvangsskoðun mátti sjá ummerki þess að tún hafi staðið sunnan við brotið. Í túngarðsbrotinu mátti greina grjót allt að 30 sm í þvermál, en þau verða sýnilegri í garðsbrotinu eftir því sem gengið er vestur með garðinum niður að strönd. Túngarðsbrotið er rúmlega 1 m breitt og 60 cm þar sem það er hæst.

---

[13] Túnakort, 1918.
[14] Sama heimild.
[15] Ö-Arnarnes, 1.



**Mynd 6 Arnarnestúngarður [1440] inni á óbyggðri lóð á Mávanesi 5.**

## Tóft [1441] (GK-178:006) dys legstaður

Tóftin, eða hóllinn, er um 1,3 m á hæð, 4,5 x 3 m að flatarmáli og vel sýnileg þrátt fyrir að vera algróin. Hún snýr NA-SV. Aðeins sést grjót í tóftinni að norðanverðu og er hún nokkuð ávöl í laginu en sporöskjulöguð að grunnmáli. Tóftin er sunnan við alfaraleiðina [1452] og liggur fast að henni. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta er eða hvort þetta sé dys. Það er eins og grafið hafi verið inn að henni að norðanverðu.



**Mynd 7 Dys eða tóft [1441] rétt sunnan við alfaraleiðina.**

## Arnarnestraðir – heimild [1442] (GK-178:007)

„Arnarnestraðir lágu heiman frá bæ austur í garðshlið, þar sem saman komu traðarveggir og austurgarður," segir í örnefnalýsingu.[16] Í Örnefni og leiðir segir: „Arnarnestraðir, hlaðnar torfi og grjóti, lágu í túngarðshliðið og að gömlu alfaraleiðinni sem lá upp með austurtúngarðinum."[17] Traðirnar sjást ekki í dag en hafa að líkindum stefnt frá bæ [1436] og í átt að lóð Hegranes 24.

---

[16] Ö-Arnarnes, 1.
[17] Guðlaugur R. Guðmundsson, 2001, 67.

## Brunnstígur – heimild [1443] (GK-178:008) leið

„Brunnstígur lá heiman frá bæ [1436] til vesturs niður í túnið að Arnarnesbrunni [1444],” segir í örnefnalýsingu.[18] Þar sem Arnarnesbærinn var áður, sem og stór hluti túnsins, er nú sléttað grænt útivistarsvæði. Brunnstígur er ekki sýnilegur en þar sem brunnurinn er líkast til inni á lóð Hegranes 24 þá hefur hann legið þangað frá bæjarstæðinu.

## Arnarnesbrunnur [1444] (GK-178:009) vatnsból

„Brunnstígur [1443] lá heiman frá bæ til vesturs niður í túnið að Arnarnesbrunni,” segir í örnefnalýsingu.[19] „Arnarnesbrunnur var í túninu suður frá bænum” segir í örnefni og fiskimið.[20] Túnakort af Arnarnesi frá 1918 sýnir að öllum líkindum hafi brunnurinn verið á húslóð Hegranes 24 og virðist sem hann sé um 8 m norðvestur af Smiðjuhól [1445]. Þar er að finna hringlaga dæld sem minnir á þekkta brunna t.d á Álftanesinu og í Garðahverfi.



**Mynd 8 Þetta gæti verið brunnurinn [1444] sem er innan rauða hringsins.**

---

[18] Ö-Arnarnes, 1.
[19] Sama heimild.
[20] Gísli Sigurðsson, 1964, 2.

## Smiðjuhóll [1445] (GK-178:010) smiðja álagablettur

„Smiðjuhóll er hóll suðaustur frá bænum í túninu. Á hólnum eiga að vera mikil álög og hörð ummæli. Við honum má ekki hrófla, og hann mátti ekki slá.” segir í örnefnalýsingu.[21] Í örnefnum og leiðum segir að Smiðjuhóllinn hafi verið í suður frá Arnarnesbæ, skammt frá Brunninum. Ekki mátti slá hann því að honum voru þung ummæli og álög. Missir bestu kýrinnar úr fjósinu átti að fylgja eftir ef út af var brugðið. Hann var aldrei sleginn og aldrei við honum hreyft.[22] Sagt er í skýrslu Fornleifastofnunar að sléttað hafi verið úr Smiðjuhól og að hann sé horfinn. Líkur benda hins vegar til að um sé að ræða hól á lóðinni Hegranes 24. Þar er hóll sem er um 10 x 9 m og ekki hefur verið sléttað úr honum. Eigendur Hegranes 24 hafa látið hann í friði. Brunnurinn [1444] er þar rétt hjá. Á hólnum virðist vera tóft sem snýr austur - vestur og inngangur í hana að vestan. Lengd tóftar er 5 til 6 m og breidd 4 til 5. Það er hugsanlegt að þarna sé kirkjan sem vísbendingar eru um að hafi verið á Arnarnesi á fyrri hluta 16. aldar.



**Mynd 9 Smiðjuhóll [1445], myndin er tekin í austur.**

[21] Ö-Arnarnes, 1.
[22] Guðlaugur R. Guðmundsson, 2001, 139.

## Arnarnesvör/Uppsátrið – heimild [1446] (GK-178:011) uppsátur

„Bakkar liggja að Arnarnesvogi. Eystribakkarnir eru hærri. Þá er lægð, og niður undan henni er Bátsvik, þá er Uppsátrið eða Arnarnesvör," segir í örnefnalýsingu.[23] Bátsvik er um miðbik Arnarnessins að suðvestanverðu á strönd beint niður (suðvestur) af Mávanesi 2 og Blikanesi 9. Ströndin er með fíngerðum sandi og smásteinum inn á milli. Bátsvik er að líkindum skjólbesti lendingarstaðurinn á vestanverðu Arnarnesinu. Við vettvangsathugun sást ekkert sem bendir til að vörin sé manngerð. Uppsátrið hefur að líkindum verið um 90 - 100 m vestur af bæ [1436].



**Mynd 10 Arnarnesvör/uppsátur [1446] í Bátsvík.**

[23] Ö-Arnarnes, 1.

## Þangtekja – heimild [1447] (GK-178:012)

„Vestan túns er svo Nesið og fer lækkandi niður að sjó. Framan við það er Arnarnessker. Þar var þangtekja býlisins," segir í örnefnalýsingu.[24] Arnarnessker (Arnarneshólmi) gengur norðvestur út af Arnarnesi. Þar er lágur tangi og sker skammt undan honum, sem er laust frá landi. Tanginn er alþakinn fersku þangi og fer hann undir sjó á flóði.

## Gvendarbrunnur [1448] (GK-178:013) vatnsból

Elsta heimild um Gvendarbrunn er að finna í lýsingu Garðaprestakalls 1842. Þar segir séra Árni Helgason, að Gvendarbrunnur sé „...norðan til í Arnarneshálsi."[25] Matthías Þórðarsson, fyrrum þjóðminjavörður, fjallar um ýmsar minjar á svæðinu í grein sinni „Nokkrar Kópavogsminjar". Þar má finna umfjöllun um samtal hans og Þuríðar Mathiesen sumarið 1926 sem segir honum frá nokkrum örnefnum á svæðinu og það sem hún þekkir og veit um sögu þeirra, þar segir: „Gvendarbrunnur er sunnan vogsins, í hálsbrúninni, rétt upp af svokölluðum Bæjarsteinum, sem eru þar úti í Leirunni, og er lítil laug skamt framar í vognum, að sögn Þuríðar. Þarna á að hafa verið bær í fyrndinni. Mun það hafa verið þar sem enn er grasgefinn mói, rétt við voginn. Ekkert sést þar til tófta. Við brunninn, sem er raunar dálítil lind, er lagleg, eggslétt grasflöt. Brunnurinn er sjálfsagt kenndur við Guðmund byskup góða, eins og aðrir Gvendarbrunnar. – En hitt er óvissara hvort Gvendarhóll, sem áður var nefndur, sé kenndur við hann einnig."[26] Gvendarhóll þessi er skammt fyrir norðan Systkinaleiði.[27]

---

[24] Ö-Arnarnes, 1-2.
[25] „Landnám Ingólfs", 205.
[26] Matthías Þórðarson, 1929, 32.
[27] Sama heimild.



**Mynd 11 Gvenndarbrunnur [1448]. Guðmundur Ólafsson.**

Árni Óla skrifar um þennan sama Gvendarbrunn í bók sinni *Sagt frá Reykjavík*, bls. 119: „Annar Gvendarbrunnur er norðan í Arnarneshálsi, þar sem vegurinn mun hafa legið yfir hálsinn fyrrum; er þetta lítil lind, en göngumóðum mönnum hefir þótt gott að geta svala þar þorsta sínum.“[28]

„Nokkru þar fyrir innan [Bæjarsker], spöl uppi í holtinu, er Gvendarbrunnur, lind sem Guðmundur biskup góði á að hafa vígt. Frá brunninum rennur Brunnlækurinn til sjávar,” segir í örnefnalýsingu.[29] „Gvendarbrunnur er á há-Arnarneshálsi”, segir í örnefnalýsingu AG.[30]

[28] Árni Óla, 1966, 119.
[29] Ö-Arnarnes, 2.
[30] Ö-Arnarnes AG, 1.

## Litla Arnarnes/Arnarneskot [1449] (GK-178:014) bæjarhóll býli

„Þar enn innar með fjöru [en Gvendarbrunnur 1448] er svo Arnarneskot, Arnarnes gamla eða Arnarnes litla," segir í örnefnalýsingu.[31] „[Þorgautsdys 1450] er að austanverðu við gamlaveginn, skammt suður frá Litla-Arnarnesi, er Þuríður [Guðmundsdóttir, f. í Kópavogi 21.9.1855] kvað svo heita. Þar sést enn á flöt niður við voginn, norðan gamla vegarins, litlar og óglöggar tóftir eftir kot, sem var þar fyrrum."[32] Bæjarstæði Litla Arnarnes er NA af Súlunesi 33, á austurströnd Arnarness við Kópavog sunnanverðan. Bæjarhóllinn er algróinn en fast við hólinn að norðanverðu er 4 m hár rofinn bakki sem liggur niður að strönd.



**Mynd 12 Litla Arnarnes [1449]. Ómar Smári Ármannson**

[31] Ö-Arnarnes, 2.
[32] Matthías Þórðarson, 1929, 30.



**Mynd 13 Bæjarstæði Litla Arnarnes [1449]. Guðmundur Ólafsson.**

## Þorgautsdys/Þorgarðsdys [1450] (GK-178:015) dys legstaður

„Ofan til við [Litla Arnarnes-Arnarneskot 1449] er dys, nefnist Þorgautsdys. Þar var réttaður þjófur, og gekk hann mjög aftur og var lengi á ferli í Seltjarnar- og Álftaneshreppum," segir í örnefnalýsingu.[33] „Neðar [en Kulhesdys], á norðanverðum hálsinum. Kvað [Þuríður Guðmundsdóttir, f. í Kópavogi 21.9.1855] vera dys Þorgarðs, sem svo miklar þjóðsögur gengu um, sbr. Þjóðs. Jóns Árnas., I, 388-91. Mun sú dys þó frá fyrri tímum en Þorgarður á að hafa verið á, eftir þjóðsögunum. Annars er svo að sjá að sumt í þeim, einkum frásögnin um glæp þann er Þorgarður á að hafa verið drepinn fyrir, stafi frá máli Sigurðar á Árbæ. En hvað sem um það er, þá er líklegast að þessi dys sé yfir einhverjum, sem hafi verið líflátinn hér skammt frá eftir dómi á Kópavogsþingi. Ögmundur skólastjóri Sigurðsson hefir sagt mér, að Filippus heitinn Filippusson, sem ólst upp í Arnarnesi, hafi skýrt svo frá, að þetta væri dys Steinunnar frá Árbæ. Ekki er það fortaksmál, þótt það komi ekki heim við frásögn Þuríðar. Dysin er úr

[33] Ö-Arnarnes, 2.

grjóti og allstór. Að norðanverðu hefir henni verið rótað mikið upp, fyrir nokkrum árum, og kann þá að hafa verið tekið nokkuð grjót úr henni. Hún er að austanverðu við gamla veginn, skammt suður frá Litla-Arnarnesi [...]”.[34] Þorgautsdys er 20 m norðan við Hafnarfjarðarveg og 5 m norðan við hljóðeinangrandi upphækkun sem liggur meðfram veginum. Dysin er um 65 m austan við Súlunes 26 og hefur að líkindum verið 10-20 m suðaustan við gömlu alfaraleiðina [1452]. Að líkindum er þetta Þorgarðs-/Þorgautsdys en sagnir eru um þrjár dysjar á þessum slóðum. Hinar tvær hafa líklega verið ofar á hálsinum. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn 1983 fyrir Þjóðminjasafn Íslands og taldi að um Þorgarðsdys væri að ræða.

Umhverfis eru lyngi, mosa og grasi vaxnir móar í aflíðandi halla að sjó. Dysin er sporöskjulaga og samanstendur af smáum, ávölum steinum, flestum um 20 cm í þvermál. Stærri steina má sjá í ytra lagi dysjarinnar. Steinarnir eru vaxnir mosa og skófum. Þó stendur hún hærra en umhverfið, mest um 0,3 á hæð. Lyng og annar gróður vex yfir jaðar hennar og stærð er um 5 x 4 m.



**Mynd 14 Þorgautsdys/Þorgarðsdys [1450]. Ómar Smári Ármannsson.**

[34] Matthías Þórðarson, 1929, 30.



**Mynd 15 Þorgautsdys/Þorgarðsdys [1450], tekin árið 1983. Í dag er hún meira gróin. Guðmundur Ólafsson.**

## Danskavað – heimild [1451] (GK-178:016) vað

„Hér um leirurnar rennur Kópavogslækur, en um hann eru landamerkin allt inn að Danskavaði. Mun hafa verið neðan við þá brú, sem hér liggur yfir lækinn," segir í örnefnalýsingu.[35] Þar sem Danskavað var áður er nú Kópavogsbrú. Umhverfi Danskavaðs er í dag manngert og landfyllt, m.a. er 5 akgreina umferðarbrú á þessum stað.

[35] Ö-Arnarnes, 2.



**Mynd 16 Þjóðleið, alfaraleið [1452], tekin í átt að Kópavogi. Ómar Smári Ármannsson.**

## Alfaraleið [1452] (GK-178:017) gata leið

„Frá Danskavaði [1451] lá alfaraleiðin með vognum sunnan og ofan Arnarneskots upp holtið á Arnarneshálsi." – „Framan í Arnarnesbrekku var á veginum, fram til áranna 1940 - 1945, Arnarnesess." – „Síðan lá gatan áfram inn með holtinu, sem nefndist Móholt." – „Alfaraleiðin lá niður af holtinu, niður með túngarði [1440], niður að Arnarneslæk," segir í örnefnalýsingu.[36] Gamla alfaraleiðin er enn greinileg austan við Súlunes og að Hafnarfjarðarbraut. Sést hún

[36] Sama heimild.

austan við Súlunes 26 rúma 30 m áður en hún er rofin af vegruðningi. Þessi vestasti hluti leiðarinnar er mjög skýr. Leiðin er nokkuð breið, allt að 1,4 m frá botni hennar og upp á norðurbarminn á þessum kafla. Leiðin er rofin á um 25 m kafla en heldur svo áfram til austurs, nokkuð grynnri og ógreinilegri. Gatan liggur þaðan, óslitin allt að Hafnarfjarðarbraut eða tæpa 200 m. Á þessum kafla er slóðinn yfirleitt fremur grunnur eða innan við 10 cm djúpur. Undantekning er þar sem slóðinn liggur sunnan í bæjarhól Litla-Arnarness [1449] frá áætluðum lóðamörkum lóðar 33 við Súlunes og að túngarði Litla-Arnarness. Á þessum slóðum eru allt að 1,5 m frá botni slóðans og að brúnum hans. Greinilegt er hvar slóðinn liggur yfir túngarðinn. Á Herforingjaráðskortinu má sjá hvernig leiðin var í kringum 1900 en þá hafði hún verið að færast lengra frá reiðgötunni og liggur sú leið að mestu undir núverandi vegi.



**Mynd 17 Þjóðleið, alfaraleið [1452], upp á Arnarnesháls. Guðmundur Ólafsson.**

## Brunngata – heimild [1453] (GK-178:018) leið

„Þar sem [Arnarnesháls] er hæstur, kemur Brunngatan neðan frá Gvendarbrunni. Hún er vel sýnileg, en mosagróin. Sýnir, að hún hefur verið troðin, en fyrir mjög löngu niður lögð. Vera má, að naut hafi verið rekin hingað til vatns.” segir í örnefnalýsingu.[37] Ekki er nú unnt að greina hvar Brunngata hefur legið frá Gvendarbrunni og upp hálsinn.

## Kulhesleiði/Kulhesdys [1455] (GK-178:020) legstaður

„Á háholtinu vestan [Hafnarfjarðarvegar] er stór þúfa, og liggur alfaraleiðin rétt hjá. Hér er Þormóðsleiði eða Þormóðsdys [1458]. Enn vestar er svo Kulhesleiði eða Kulhesdys. Þormóður var dæmdur á Kópavogsþingi til lífláts fyrir þjófnað, en Kulhes, þýzkur maður, dæmdur þar fyrir mannvíg. Vó mann, íslenzkan, á Bessastöðum.” segir í örnefnalýsingu.[38] Ekki eru til öruggar heimildir fyrir nákvæmri staðsetningu Kuhlesleiðis. „En því er þessa dóms [dauðadómur yfir þýskum manni, Hinrik Kules 23.2.1582 á Kópavogsþingstað] minnst hér, að sagt hefur verið, að dys sú, sem er efst á Arnarneshálsi, vestan við gamla veginn, sé dys dansks manns, er tekinn hafi verið af fyrir einhvern glæp. Dys þessi er nú að mestu grasi gróin.” – „[Þuríður Guðmundsdóttir f. í Kópavogi 21.9.1855] sagði [MÞ] af munnmælunum um dysina við veginn gamla efst á Arnarneshálsi”.[39] Kuhlesleiði er um 1 m há og flöt í toppinn, ummál neðst um 1-2 m en efst um 0,4 m. Mikið jarðvegsrof hefur átt sér stað í kringum þúfuna.

---

[37] Sama heimild.
[38] Sama heimild.
[39] Matthías Þórðarson, 1929, 3-4, 29-30.



**Mynd 18 Á þessa þúfu hefur verið bent sem Kulhesdys [1445], svæðið er mjög uppblásið.**

## Vífilstaðagata – heimild [1456] (GK-178:021) leið

„Austur úr alfaraleiðinni neðan við Þormóðsdys [1441] lá Vífilstaðagata neðan undir holtinu; markar enn fyrir henni." segir í örnefnalýsingu.[40] Vífilstaðagata er merkt á kort í Örnefni og leiðir en þar segir að gatan hafi verið frá Arnarneströðum [1442] um sunnanvert Arnarnesholt að Norðlingavaði á Arnarneslæk, síðan austan við Hofsstaðaholt til Vífilsstaða. Af kortinu að dæma virðist gatan liggja þvert austur af Hafnarfjarðarvegi að Dýjakrókum.[41] Vífilsstaðagötu má sjá á Herforingjaráðskortinu eins og hún var ca. 1902 en í dag er hún að mestu leyti horfin undir ný mannvirki í Akrahverfi.

[40] Ö-Arnarnes, 2
[41] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 23, 67.

## Wegenerstöpull [1457] (GK-178:022)

Wegenerstöpull er annar tveggja steinstöpla (svipaður stólpi var reistur í Öskjuhlíð) sem reistur var af Alfred Wegener, þýskum vísindamanni, hér á landi vafalaust til viðmiðunar til að sýna fram á landrekskenninguna sína. Stöpulinn reisti Wegener í aprílmánuði árið 1930.[42] Árið 2000 voru settar plötur með söguágripi á stöpulinn. Stöpullinn er ferkantaður, steyptur og rúmlega 3 m hár. Flatarmál er 1 x 1 m. Hann stendur við gangstétt efst á götunni Hegranes við gatnamót Arnarnes og Hegranes. Stöpullinn er ekki fornleifar en hefur sögulegt gildi.



**Mynd 19 Wegenerstöpull [1457]. Þar hefur Garðabær látið setja upplýsingaskilti, hellulagt og komið fyrir bekk fyrir almenning.**

[42] Sama heimild, 23.

## Þormóðsleiði/Þormóðsdys [1458] (GK-178:023) dys legstaður

„Á háholtinu vestan [Hafnarfjarðarvegar] er stór þúfa, og liggur alfaraleiðin rétt hjá. Hér er Þormóðsleiði eða Þormóðsdys. Enn vestar er svo Kulhesleiði eða Kulhesdys [1455]. Þormóður var dæmdur á Kópavogsþingi til lífláts fyrir þjófnað, en Kulhes, þýzkur maður, dæmdur þar fyrir mannvíg. Vó mann, íslenzkan, á Bessastöðum," segir í örnefnalýsingu.[43] Lítil algróin rúst er á mel á opnu og óbyggðu svæði á miðju Arnarnesi milli gatnanna Arnarness, Tjaldaness og Hegraness, um 15-20 m NA af Kuhlesdys [1455] og 40-50 m VNV af Wegenerstöpli [1457]. Rústin er 3 x 3 m að ummáli með hólf í miðju sem er 1 x 1 m. Hæð er um 1 m. Finna má grjót í innra hólfi en ytri veggir eru úr torfi. Ekki er hægt að sjá neinn inngang í hana. Guðmundur Ólafsson skráði fornleifar í Garðabæ árið 1983 og taldi þetta vera Þormóðsdys.



**Mynd 20 Þormóðsleiði/Þormóðsdys eða tóft [1458].**

[43] Ö-Arnarnes, 2.

## Arnarneslækjarvað – heimild [1460] (GK-178:025) vað

„Þar er Arnarneslækjarós, Arnarneslækjarvað og Arnarnesleirur fram undan langt fram á vog.” segir í örnefnalýsingu.[44] „Arnarneslækjarvað lá rétt við lækjarmynnið yfir lækinn. Gat þar orðið alldjúpt þegar leysingar voru eða háflæði,“ segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið.[45] Lækjarfarvegurinn er breiðari þegar nær dregur ósnum.




**Mynd 21 Frumgögn af Herforingjaráðskortinu, þar sést Hafnarfjarðarleiðin og Vífilstaðagata í kringum 1902.**

---

[44] Ö-Arnarnes, 2-3.
[45] Gísli Sigurðsson, 3.

## Arnarnesmýrarbrú – heimild [1461] (GK-178:026) vegabót brú

„Þegar fyrsta vegabótin var gerð um mýrina, var hún nefnd Arnarnesmýrarbrú. Þá var byggð Arnarneslækjarbrú," segir í örnefnalýsingu.[46] Ekki er ósennilegt að Arnarnesmýrarbrú hafi verið þar sem Hafnarfjarðarvegur liggur í dag en af frumgögnum herforingjarráðskortsins sem var gert 1902 eða þar um bil sést hvar trébrúin var yfir lækinn.

## Tjaldhóll – heimild [1462] (GK-178:027) örnefni áfangastaður

„Ofan með [Arnarneslæk] var fossmiga, nefndist Mígandi. Þar upp af var Tjaldhólsmelur og Tjaldhóll," segir í örnefnalýsingu.[47] Tjaldhóll er merktur á kort í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar.[48] Ekki var sjáanlegur náttúrulegur hóll á svæðinu. Á Tjaldhól áði fólk sem var á leið frá Reykjavík og suður með sjó. Alfaraleiðin [1452] lá þar framhjá og út yfir Garðabæjarhraun.

## Mannvirki óþekkt [1463] tóft útihús naust

Tóft er tilheyrði sennilega Litla Arnarnesi [1449] og er utan túngarðsins [1465]. Tóftin er 8,2 m á lengd og 6,2 m á breidd, hlaðin úr torfi og grjóti. Inngangur er í austur frá fjöru. Tóftin liggur rétt norðan við alfaraleið [1452]. Það er ekki ljóst hvert hlutverk hennar er en hún gæti verið útihús frá Litla Arnarnesi eða verið naust. Hún er vel gróin.

## Túngarður [1465] (GK-178:029) garðlag túngarður

Túngarður Litla Arnarness er um það bil 11 m austur og suður af bæjarhól Litla- Arnarness [1449] og suðvesturendi garðlagsins er afar ógreinilegur. Túngarðsbrotið er um 45 til 50 m langt og liggur nokkuð beint NA-SV, það virðist vera breiðast um 1 m og mest um 0,3 m á hæð. Að NA rennur garðurinn saman við þýft og gróið umhverfið í átt að sjónum. Frá NA enda og 22 m SV er garðurinn sem lág, gróin og aflöng bunga í umhverfinu. Þá verður hann greinilegri sem röð af meðal stóru grjóti (oft um 0,3 m í þvermál) í um 10 m, en rest garðlagsins til SV er fremur

[46] Ö-Arnarnes, 3.
[47] Sama heimild.
[48] Guðlaugur R. Guðmundsson, 24.

ógreinileg og er mosa- og lyngvaxin, þar til garðurinn fellur algerlega inn í umhverfi sitt. Þar sem grjót sést í garðinum, er einungis hægt að greina eitt umfar og er það nokkuð sokkið. Það er ef til vill til merkis um aldur garðsins, að hann er þveraður með gamalli leið [1452] og er því líkast eldri en alfaraleiðin.

## Tóft [1473] (GK-178:038) tóft útihús

Tóft er á óbyggðri lóð Mávanes 5, norður af Arnarnestúngarði [1440] og vestur af gangstétt. Tóftin er mjög óljós og algróin. Hún er 6 x 5 m að stærð og snýr A-V. Sjá má grjót í veggjum en veggir eru úr torfi. Tóftin er hæst um 0,3 m. Stórt grjót hvílir ofan á tóftinni austarlega. Þetta er sennilega eitt af útihúsunum frá Arnarnesi. Ekki virðist tóftin vera mjög gömul.



**Mynd 22 Tóft [1473], sennilega útihús frá Arnanesi rétt utan túngarðs.**

## Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar 27 fornleifar auk sögulegs minjastaðar Wegenerstöpulsins. Meðal minja voru bæjarstæði, túngarðar, útihús, dysjar, álagablettur, brunnar og fornar leiðir. Bæjarstæði Litla Arnarnes [1449] og útihús [1463] er að mestu óraskað en túngarðurinn [1465] er rofinn af alfaraleiðinni [1452], þjóðleiðinni, sem gæti bent til þess að hann sé nokkuð forn en hans er ekki getið í jarðabókinni 1703. Rétt utan við hann er að finna tvær dysjar og eina tóft sem er hugsanlega útihús eða leifar af naust rétt norðan við alfaraleiðina og við sjóinn. Ekki eru áform um neinar framkvæmdir á þessu svæði.

Þrjár dysjar sakamanna eru þekktar á Arnarnesi, sem teknir voru af lífi á Kópavogsþingi: Kulhesdys [1455], dys Hinrik Kules sem dæmdur var til dauða fyrir morð þann 23. febrúar 1582, og dysjar Þorgauts/Þorgarðs [1450] og Þormóðs [1458], sem dæmdir voru til dauða fyrir þjófnað. Þorgautsdys/Þorgarðsdys er þeirra mikilvægust því þar virðist vera um dys að ræða en ólíklegt er að dysjarnar á Arnarneshálsi séu dysjar. Það bendir margt til þess að þeim hafi verið raskað og örnefni hafi farið að færast til á næstu þúfu eða tóft.

Bæjarstæði Arnarnes [1436] er örugglega að finna undir sléttu útvistarsvæðinu og margt sem bendir til þess að aðeins yngsta bænum hafi verið mokað í burtu. Saga Arnarnesbæjarins nær að minnsta kosti aftur á síðmiðaldir og því er búsetu saga hans löng. Áhugaverðar heimildir gefa til kynna að þar hafi verið kirkja til forna og hugsanlega eru einhver tengsl álögu á Smiðjuhól [1445] við forna kirkju. Það er mjög mikilvægt að Smiðjuhóll verði áfram varðveittur eins og eigendur hans hafa gert í gegnum tíðina. Ekki er fyrirhugað að byggja þar sem Gvendarbrunnur [1453] er. Aðeins er um 2 minjastaði að ræða sem eru í hættu vegna deiliskipulagsins en það eru minjar á lóð Mávanes 5. Leifar af Arnarnestúngarðinum [1440] og tóft [1473], útihús, sem er rétt norðan við túngarðinn. Túngarðsbrotið sem þar er að finna eru einu leifarnar sem eftir eru af garðinum. Tóftin virðist ekki gömul og ekki er auðvelt að sjá lögun á henni. Túngarðsbrotið hefur verið mælt upp en ef það þarf að víkja ásamt tóftinni vegna framkvæmda þarf að kanna með könnunarskurði aldur og eðli þessara minja. Minjagildi þeirra er ekki mjög hátt en þær eru sýnilegar fyrir almenning og hafa verið rofnar úr sínu samhengi þegar sléttað var úr öllum túngarðinum. Það er Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort þessar minjar megi fara og hvort rannsókna sé þörf.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, **[**megi**]** enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

# Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1984. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gullbringu- og Kjósarsýsla.* 2. útgáfa. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn 1913-17.

Árni Óla. 1966. *Sagt frá Reykjavík.* Sögukaflar. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Gísli Sigurðsson. 1964. *Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði: og Hraunum.*

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. 2001. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. Ritröð: Safn til sögu Garðabæjar III. Reykjavík: Prentsmiðjan Grafík.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. 1857-1972. *Diplomatarium Islandicum XII.* Kaupmannahöfn, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jón Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsíngum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: Jón Johnsen, assessórt í landsyfirréttinum.

